HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
ÁRSSKÝRSLA 2008

EFNISYFIRLIT

3 STEFNA HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK
6 HÁSKÓLARÁÐ
7 SIÐAREGLUR
8 SKIPULAG
10 MANNAUÐS- OG GÆÐAMÁL
11 NEMENDUR 2008
13 DEILDIR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK
13 TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD – TVD
15 LAGADEILD – LD
18 KENNSLUFRÆÐI – OG LÝÐHEILSUDEILD – KLD
19 TÖLVUNARFRÆÐIDEILD – TD
21 VIÐSKIPTADEILD
23 RANNSÓKNIR VIÐ HR
26 OPNI HÁSKÓLINN Í HR
29 ATVINNUÞJÓNUSTA
30 STÚDENTAÞJÓNUSTA
32 ALÞJÓÐASKRIFSTOFA
33 BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA
34 NÝBYGGING HR VIÐ ÖSKJUHLÍÐ
35 MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

37 ÁRSREIKNINGUR 2008

STEFNA HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

STEFNA HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK
Þeim sem er tekið eins og hann er verður eins og hann er.
Þeim sem er tekið eins og hann gæti orðið verður sá sem hann gæti orðið.
-Goethe

Við sköpum og miðlum þekkingu…
Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu. Það er framlag okkar til samfélagsins sem við erum þátttakendur í. Samkeppnishæfni einstaklinga, fyrirtækja og þjóða á 21. öldinni ræðst af hæfni þeirra til að nýta þekkingu til framfara og þátttöku í alþjóðasamfélaginu.

Við sköpum þekkingu með rannsóknum og nýsköpun sem eiga erindi til vísindasamfélagsins og atvinnulífsins. Við virðum frelsi hugans til sköpunar en gerum strangar kröfur um fagleg vinnubrögð og gæði. Við setjum markið hátt og leitum samstarfs við þá bestu. Rannsóknir og nýsköpun eru undirstaða kröftugrar þekkingarsköpunar.

Við stefnum markvisst að því að auka rannsóknarvirkni okkar, vegna þess að:
- Samfélagið þarf á þekkingarsköpun að halda til að auka hagvöxt og lífsgæði
- Akademísk staða okkar er metin á grundvelli rannsóknarvirkni
- Rannsóknir opna nýjar leiðir til tekjuöflunar og faglegrar uppbyggingar

Akademísk staða okkar er metin með tilliti til þriggja meginþátta. Til að styrkja stöðu okkar enn frekar og auka samkeppnishæfni Háskólans í Reykjavík í samanburði við aðra háskóla hér á landi og í nágrannalöndunum munum við:
- Fjölga kennurum með doktorspróf
- Auka fjölda birtinga í ritrýndum tímaritum
- Auka sókn okkar í rannsóknarfé úr samkeppnissjóðum

SÉRSTAÐA okkar markast hins vegar af:
- Lifandi kennsluaðferðum og virkri þátttöku nemenda
- Sterkum tengslum við atvinnulífið
- Samstarfi við alþjóðlega fræðimenn og gestakennara
- Möguleikum á að aðlaga kennsluaðferðir og aðgengi að þjónustu okkar í takt við þarfir nútíma samfélags

Við myndum HINA FULLKOMNU HEILD því innan veggja Háskólans í Reykjavík starfa einstaklingar sem stunda rannsóknir á heimsmælikvarða, einstaklingar með mikla reynslu úr atvinnulífinu og fjöldi erlendra gestakennara. Þessi breidd skapar tækifæri til að skapa skólanum sterka akademíska stöðu, alþjóðlegan blæ og bjóða hagnýtt nám með þarfir atvinnulífsins í fyrirrúmi.

…til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði
Við sköpum og miðlum þekkingu með það að leiðarljósi að auka samkeppnishæfni nemenda okkar og samstarfsaðila. Við leggjum jafnframt kapp á að auka okkar eigin samkepnisfærni með stöðugri þekkingarleit og starfsþróun. Við stöðnum ekki og horfum ávallt fram á við. Við hikum ekki við að fara ótroðnar slóðir og við leitum stöðugt nýrra leiða til að auka færni okkar, tryggja alþjóðleg gæði rannsókna og kennslu og bæta þannig framlag okkar til samfélagsins. Til að ná tilætluðum árangri þarf sérhvert okkar að berjast til að ná afburðaárangri. Afburðaárangur næst ekki nema með framúrskarandi ástundun og færni. Við vinnum óháð landamærum og höfum kjark til að brjóta hömlur sem við og aðrir setjum okkur.

Við í Háskólanum í Reykjavík höfum einstakt tækifæri til að auka lífsgæði í samfélaginu. Með störfum okkar höfum við tækifæri til að móta framtíðina, til hagsbóta fyrir hvern og einn einstakling sem og samfélagið í heild. Það gerum við með þekkingunni sem við sköpum, með þekkingunni sem við miðlum og með brennandi áhuga okkar og löngun til að láta gott af okkur leiða. Góð menntun er lífsgæði fyrir þann sem hennar nýtur og við viljum að stúdentar og starfsmenn upplifi það og njóti þess að nema og starfa hjá Háskólanum í Reykjavík.

Alþjóðleg og þverfagleg
Starfsumhverfi fyrirtækja og einstaklinga hefur gjörbreyst með tilkomu alþjóðavæðingar. Hún færir okkur tækifæri fremur en ógn. Þekkingarmiðlun er besta vopnið á tímum síaukinnar samkeppni. Með því að sinna hlutverki okkar af kostgæfni öðlast nemendur okkar þekkingu og þjálfun til að takast betur á við krefjandi aðstæður. Við eflum þannig samkeppnishæfni þeirra í þekkingarsamfélagi nútímans.

En til þess að svo megi verða tökum við í Háskólanum í Reykjavík mið af kröfum atvinnulífsins. Skilin á milli fræðasviða verða sífellt óskýrari og samþætting á milli þeirra mikilvægari. Krafan um aukna samskiptaleikni og færni í alþjóðlegum samskiptum til að tryggja hnökralaust samstarf á milli ólíkra menningarheima og sérfræðisviða gerist æ háværari. Við tryggjum að nemendur okkar og kennarar búi yfir bestu sérfræðiþekkingu sem völ er á og stuðlum jafnframt að þverfaglegri hæfni þeirra með auknum valkostum og samþættingu. Kennsluaðferðir þurfa að vera hvetjandi og þjálfa samskiptaleikni og tungumálakunnáttu nemenda.

Til að skipa Háskólanum í Reykjavík sess sem alþjóðlegur háskóli munum við:

- Auka samstarf við leiðandi skóla á hverju sviði með aðkomu þeirra að hönnun námsbrauta, kennslu og gæðastöðlum
- Kanna möguleika á þátttöku okkar í samstarfsnetum háskóla
- Fjölga erlendum nemendum
- Fjölga erlendum kennurum
- Starfrækja öflugt alþjóðasvið innan HR
- Vera að fullu tvítyngdur skóli árið 2010

Fyrsti valkostur nemenda og starfsmanna

Háskólinn í Reykjavík stefnir ávallt að afburðaárangri. Við setjum markið hátt og við leggjum áherslu á gæði en ekki fjölda nemenda eða námsbrauta. Við viljum útskrifa afburðafólk sem er óhrætt við að láta til sín taka, jafnt í atvinnulífi sem vísindum. Til þess löðum við að efnilega nemendur, bjóðum þeim einungis afburðakennslu og þjálfun í hagnýtingu þekkingar sem þeir afla sér. Við stundum blómlegt rannsóknarstarf með þátttöku nemenda til að undirbúa þá og hvetja til frekara náms og þátttöku í vísindasamfélaginu. Við viljum vera fyrsti valkostur þeirra stúdenta sem vilja stunda háskólanám á Íslandi.

Þetta markmið gerir miklar kröfur til okkar sjálfra. Við vitum að háskóli er lítið meira en fólkið sem þar starfar. Við þurfum stöðugt að hækka rána og auka þær kröfur sem við gerum, en um leið að laða að nýtt fólk sem hjálpar okkur að mæta þeim kröfum. Því viljum við einnig verða fyrsti valkostur þeirra sem vilja starfa í íslensku háskólaumhverfi. Þess vegna þarf Háskólinn í Reykjavík að bjóða upp á:

- Krefjandi en hvetjandi vinnuumhverfi sem laðar að sér þá bestu á hverju sviði
- Markvissa símenntun starfsfólks og umhverfi þar sem hæfni, frelsi og fjölbreytileiki fá að njóta sín
- Umbunar- og framgangskerfi sem hvetur til rannsóknarvirkni, framsækinna kennsluaðferða og virks samstarfs við atvinnulífið
- Alþjóðlegt vinnuumhverfi sem skapar frjóan jarðveg fyrir þekkingarsköpun, miðlun og sterk tengsl við atvinnulífið
- Vinnuumhverfi þar sem jafnrétti er ávallt haft að leiðarljósi og þar sem einstaklingum er ekki mismunað vegna kynferðis, aldurs, trúar, þjóðernis, kynþáttar, fötlunar, kynhneigðar eða stjórnmálaskoðunar.

Framtíðin er núna

Háskólinn í Reykjavik er einstakur háskóli sem getur brúað bilið á milli viðskipta og tækni, rökhugsunar og sköpunargleði, þekkingarsköpunar og hagnýtingar.

Við viljum vera kraftmikill alþjóðlegur háskóli sem er fyrsti valkostur hér á landi og sterkur áhrifavaldur í þróun samfélagsins. Lega landsins á milli austurs og vesturs myndar krossgötur fyrir alþjóðlegt samstarf sem við munum nýta okkur til fulls.

Við höfum tækifæri til að vera fyrirmynd framsýnna háskóla ef við höfum hugrekki til að fara ótroðnar slóðir og nýta sköpunargleði okkar og frelsi til að byggja upp metnaðarfullan, þverfagleglegan háskóla án landamæra.

Gildin leiða okkur

Háskólinn í Reykjavík er skóli 21. aldarinnar; kraftmikill alþjóðlegur háskóli sem verður fyrsti valkostur þeirra sem vilja framsækið og skapandi nám og starfsumhverfi. Til þess að við náum settum markmiðum þurfum við að byggja upp og hlúa að öflugum fyrirtækjabrag sem einkennist af hugrekki til að fara ótroðnar slóðir og vilja til þess að ná stöðugt lengra.

Fyrirtækjabragur mótast af þeim gildum sem við höfum að leiðarljósi í daglegu starfi okkar.

Þau lýsa hegðun og viðhorfum sem leiðbeina okkur við ákvörðunartöku og liggja til grundvallar ráðningum, framþróun og árangri sem við náum í starfi.

Við höfum metnað til að stefna ætíð hærra, heilindi til að koma hreint fram, snerpu til að grípa tækifærin þegar þau bjóðast og áræðni til að þora þegar réttu tækifærin eru í augsýn.

Gildin setja tóninn um þær væntingar sem við gerum til okkar sjálfra, samstarfsfólks og nemenda. Í Háskólanum í Reykjavík sýnum við metnað og heilindi í öllum okkar athöfnum og ákvörðunum. Við vinnum hratt og örugglega að stöðugum endurbótum með snerpu og áræðni að leiðarljósi.

Hugsum stórt og framkvæmum markvisst

Stefna okkar er skýr. Við leggjum allan metnað okkar í að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði í samfélaginu. Við störfum án landamæra með þeim bestu á okkar sviðum.

Við erum háskóli 21. aldarinnar sem hefur að leiðarljósi þarfir atvinnulífsins fyrir sérfræðiþekkingu, þverfaglega færni og samskiptaleikni í alþjóðlegu umhverfi. Með störfum okkar gerum við nemendur okkar og samstarfsaðila betur í stakk búna til að takast á við síbreytilegt og krefjandi starfsumhverfi.

Stöðug þróun námsefnis og kennsluaðferða, aukin rannsóknarvirkni og öflug tengsl við atvinnulífið auk frumkvöðlaanda skapa okkur forystu hér á landi og gera okkur kleift að verða fyrirmynd framsækinna háskóla um allan heim. Við munum nýta staðsetningu landsins okkur til framdráttar og skapa hér miðstöð alþjóðlegs vísindasamstarfs.

Til þess þurfum við að leggja okkur fram af öllu afli og setja okkur ný viðmið um árangur. Við höfum í hendi okkar gæði vinnu okkar og þann sess sem við skipum okkur.

Skipulag skólans þarf að styðja vel við stefnu hans og taka mið af þeim breytingum sem verða. Rannsóknarstefna og vinnulag okkar í starfsmannamálum, kennslu, þjónustu og tengslum við atvinnulíf og samfélag slá tóninn fyrir dagleg störf okkar. Það er frumkvæði okkar, metnaður og hæfni til stöðugra endurbóta sem ráða hins vegar úrslitum um hversu hratt við náum settu marki.

SEX ÞREP hafa verið skilgreind sem grunnurinn að innleiðingu stefnu okkar til ársins 2010. Aðgerðaáætlanir deilda miða að því að kortleggja hvað við þurfum að gera næstu 12–36 mánuði til að ná settu marki.

Til að gera framtíðarsýn okkar að veruleika munum við:

- Auka rannsóknarvirkni
- Auka gæði kennslu og innleiða framsæknari kennsluaðferðir
- Alþjóðavæða starfsemi okkar
- Samþætta starfsemina til að gera námið þverfaglegra
- Byggja upp sterkara tengslanet við atvinnulífið, erlenda háskóla og vísindasamfélagið
- Bæta enn frekar rekstur og fjárhagsstöðu okkar

Aðgerðaráætlanirnar eru grunnur að fjárhagsáætlun okkar næstu ár. Reglulega er fylgst með framkvæmd áætlananna sem er í höndum kennsludeilda og stoðsviða.

Við höfum hugrekki til að hugsa stórt og bæta stöðugt frammistöðu okkar og framkvæmum fyrirætlanir okkar markvisst. Við berum öll ábyrgð á þeim árangri sem við náum. Framtíð Háskólans í Reykjavík er í okkar höndum.



HÁSKÓLARÁÐ

Stjórn Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins skipa háskólaráð Háskólans í Reykjavík. Háskólaráðið markar stefnu háskólans, ákveður stofnun nýrra deilda og ákvarðar meginstarfstilhögun háskólans. Jafnframt ákveður það skólagjöld. Háskólaráð skal hafa stöðugt eftirlit með rekstri háskólans, bókhaldi og meðferð á fjármunum hans, þ.m.t. sjóðum þeim, er háskólanum tilheyra. Háskólaráð staðfestir rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir háskólann og ársreikning hans.

Háskólaráð HR var þannig skipað árið 2008:
Árni Harðarson
Halla Tómasdóttir
Jón Sigurðsson
Katrín Pétursdóttir
Lárus Welding
Róbert Wessman (formaður)
Sigurður Bragi Guðmundsson
Þórdís Sigurðardóttir
Varamenn voru:
Eggert B. Guðmundsson
Finnur Oddsson

SIÐAREGLUR

Virðing – Heilindi – Jafnrétti – Sanngirni
Háskólinn í Reykjavík er þekkingarsamfélag þar sem nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn vinna saman að öflun, nýsköpun og miðlun þekkingar. Í slíku samfélagi er mikilvægt að allir taki siðferðislega ábyrgð á störfum sínum. Til þess að þetta megi takast vill skólinn skapa starfsumhverfi þar sem samskipti og vinnubrögð einkennast af virðingu, heilindum, sanngirni og jafnrétti.

Markmiðið með þessum siðareglum er að stuðla að því að hegðun þeirra sem starfa innan skólans uppfylli ítrustu siðferðiskröfur sem gerðar verða innan háskóla. Reglurnar eru settar fram í 10 töluliðum. Þær eiga það sammerkt að minna á skyldur aðila skólans í samskiptum sín á milli og vinnubrögðum. Þær má hins vegar ekki skoða sem tæmandi lýsingu á æskilegri hegðun.

1. Við virðum þá sem læra og starfa innan skólans sem einstaklinga, komum fram við þá af tillitsemi og gætum trúnaðar gagnvart þeim.
2. Við komum í veg fyrir að í HR viðgangist hvers konar óréttlæti, svo sem einelti, kynferðisleg áreitni eða mismunun byggð á óviðkomandi þáttum svo sem kynferði, aldri, trú, þjóðerni, kynþætti, fötlun eða kynhneigð.
3. Við stöndum vörð um heiður skólans og aðhöfumst ekki neitt það sem kynni að vera til þess fallið að rýra álit samfélagsins á skólanum.
4. Við vinnum öll okkar verk innan HR af heiðarleika og heilum hug og stuðlum að því með virkum hætti að aðrir geri slíkt hið sama.
5. Við leitum þekkingar af heilindum og hlutlægni, og leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð, gagnrýna hugsun og málefnalegan rökstuðning.
6. Við gætum persónuverndar og stöndum vörð um hagsmuni þeirra sem taka þátt í rannsóknum okkar.
7. Við virðum fræðilegt sjálfstæði, vinnum ávallt samkvæmt eigin sannfæringu og látum hagsmunatengsl ekki hafa áhrif á niðurstöður okkar.
8. Við virðum hugverkaréttindi, eignum okkur ekki heiðurinn af hugmyndum annarra, og getum ávallt þeirra heimilda sem við notum, í samræmi við venjur vísindasam félagsins.
9. Við gætum þess að vera málefnaleg og sanngjörn í umsögnum, endurgjöf og ummælum um aðra innan skólans.
10. Við erum virkir þátttakendur í starfi og þróun skólans og lítum á það sem skyldu okkar að miðla upplýsingum sem geta orðið til þess að bæta starf skólans.

Málsmeðferð og viðbrögð vegna ábendinga um brot á siðareglum
1. Rektor skipar þriggja manna siðanefnd eftir ábendingum starfsmanna og nemenda. Hlutverk hennar er að taka afstöðu til og gefa stjórnendum HR umsögn um mál sem til hennar er beint vegna meintra brota á siðareglum.
2. Rökstuddar ábendingar um brot á siðareglum skulu berast til siðanefndar HR. Siðanefnd fjallar um ábendingar samkvæmt starfsreglum siðanefndar sem samþykktar eru af framkvæmdastjórn. Í starfsreglunum skal kveðið á um andmælarétt, meðalhóf og önnur atriði sem tryggja málefnalega umfjöllun siðanefndar.
3. Siðanefnd skal taka rökstudda afstöðu afstöðu til þess hvort um brot á siðareglum HR er að ræða og um grófleika brots. Í afstöðu nefndarinnar skal einnig koma fram hvort brot eru ítrekuð. Siðanefnd tilkynnir málsaðilum, rektor og forseta viðkomandi deildar um niðurstöðu sína og er heimilt að mæla með því að hinn brotlegi verði látinn sæta viðeigandi viðurlögum. Niðurstöður siðanefndar eru endanlegar og verður ekki áfrýjað.
4. Viðbrögð við brotum á siðareglum eru ákveðin af forseta deildar, framkvæmdastjóra eða rektor eftir atvikum.

Samþykkt af rektor og framkvæmdastjórn í apríl 2006

Rektor Háskólans í Reykjavík skipaði þann 30. júní 2007 eftirfarandi aðila í siðanefnd skólans:

Steinn Jóhannsson forstöðumaður kennslusviðs, formaður (steinn@ru.is)
Luca Aceto, prófessor í tölvunarfræði
Margrét Vala Kristjánsdóttir, lektor í lagadeild

SKIPULAG



KJARNINN Í STARFSEMI HR ER KENNSLA, RANNSÓKNIR OG ATVINNULÍFSTENGSL

Allar deildir hafa það að markmiði að taka upp framsæknari kennsluaðferðir, auka rannsóknarvirkni og styrkja tengslanet sitt. Hver deild einbeitir sér að framþróun á sínu sviði til að tryggja gæði náms og trausta sérfræðiþekkingu. Til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir þverfaglega þekkingu og skapa HR sérstöðu skipuleggja deildir sameiginlegar námsbrautir, verkefni og námskeið sem í boði verða hverju sinni. Myndræn framsetning skipulagsins undirstrikar kjarnastarfsemi okkar og þverfaglega áherslu skólans.

Stjórnskipulag Háskólans í Reykjavík er flatt þar sem áhersla er lögð á akademískt frelsi deilda og ábyrgð þeirra á gæðum náms og rannsóknarstarfsemi sem og rekstrarafkomu.

Háskólaráð er skipað fulltrúum eigenda Háskólans í Reykjavík og koma þeir frá Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins. Háskólaráð HR markar stefnu háskólans, ákveður stofnun nýrra deilda, ákvarðar inntökuskilyrði og ákvarðar meginstarfstilhögun háskólans. Jafnframt ákveður það skólagjöld. Háskólaráð hefur eftirlit með rekstri háskólans, bókhaldi og meðferð á fjármunum hans, þ.m.t. sjóðum þeim, er háskólanum tilheyra. Háskólaráð staðfestir rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir háskólann og ársreikning hans. Háskólaráð ræður rektor HR, ákveður laun hans og önnur starfskjör.

Rektor kemur fram fyrir hönd háskólans, annast daglegan rekstur hans og ber ábyrgð á rekstrinum gagnvart háskólaráði. Rektor situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, nema háskólaráð ákveði annað um einstaka fundi. Rektor leggur árlega fram fjárhagsáætlun HR fyrir háskólaráð til staðfestingar. Rektor ræður forseta deilda og aðra lykilstarfsmenn háskólans.

Deildir Háskólans í Reykjavík eru fimm. **Kennslufræði- og lýðheilsudeild, lagadeild, tækni- og verkfræðideild, tölvunarfræðideild og viðskiptadeild**. Deildunum er stýrt af deildarforsetum sem heyra undir rektor. Forseti deildar fer með faglega stjórn hennar og rekstrar- og fjárhagslega ábyrgð gagnvart rektor og skal eiga frumkvæði að mótun stefnu fyrir deildina. Hann ræður kennara og aðra starfsmenn til deildarinnar og prófessora í samráði við rektor. Þeir skulu jafnframt fylgja viðurkenndu vinnulagi skólans við ákvarðanatöku um starfsmannaval og framgang akademískra starfsmanna. Forseti deildar gerir fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi deild sem lögð skal fram til afgreiðslu í framkvæmdastjórn HR sem hluti af heildarfjárhagsáætlun háskólans.

Framkvæmdastjórn HR skal skipuð rektor sem er formaður framkvæmdastjórnar, forsetum deilda og öðrum lykilstarfsmönnum samkvæmt ákvörðun rektors. Rektor skal setja framkvæmdastjórn reglur þar sem kveðið skal á um hlutverk hennar og starfshætti.

Vísindaráð stuðlar að aukinni rannsóknarvirkni með hvatningu og stuðningi við rannsóknarstarf skólans, hönnun ferla sem lúta að rannsóknarstarfi og þátttöku í fjármögnun rannsóknarverkefna. Hver deild skipar fulltrúa sinn í Vísindaráð eitt akademískt ár í senn. Forseti ráðsins heyrir undir rektor og starfar með deildarforsetum að markvissri innleiðingu rannsóknarstefnu HR.

Ráðgjafanefnd HR

Í byrjun árs 2008 tók til starfa erlend ráðgjafanefnd Háskólans í Reykjavík (e. advisory board), en hún er skipuð stjórnendum og prófessorum við sjö háskóla sem standa í fremstu röð í heiminum. Nefndin hefur það hlutverk að starfa með háskólaráði og stjórnendum HR að mótun framtíðarstefnu og aðgerðaáætlana. Nefndin kom til Íslands í febrúar.
Í ráðgjafanefndinni eru:

- Dr. Rafael L. Bras, forseti verkfræðideildar Kaliforníuháskóla í Irvine. Kaliforníuháskóli í Irvine telst vera 46. besti háskóli í heimi (ARWU, 2008).
- Dr. Eric Weber, prófessor í stjórnun frá IESE á Spáni og varadeildarforseti viðskiptadeildar IESE og í framkvæmdastjórn IESE. Samkvæmt Economist Intelligence Unit var IESE talinn besti viðskiptaskóli í heimi.
- Dr. Maria Fox, forseti tölvunarfræðideildar Strathclyde háskóla í Skotlandi en hann er meðal bestu háskóla Stóra Bretlands.
- Dr. Jonathan Gosling, forstöðumaður leiðtogafræða við Exeter háskóla í Bretlandi. Exeter var útnefndur háskóli ársins í Bretlandi 2007-2008.
- Dr. Ola Medstad, prófessor í lögum við Oslóarháskóla. Oslóarháskóli er einn af 100 bestu háskólum heims (ARWU, 2008), og þar starfa nú 4 Nóbelsverðlaunahafar.
- Dr. John Allegrante, prófessor í lýðheilsufræðum við Columbia University og Háskólann í Reykjavík. Columbia háskóli er einn af fremstu háskólum heimsins og hafa skólanum hlotnast 76 Nóbelsverðlaun.
- Dr. Zellman Warhaft, Zellman Warhaft, prófessor í vélaverkfræði við Cornell háskóla. Cornell er einn af átta Ivy League háskólum Bandaríkjanna og var valinn besti háskólinn í vísindum og verkfræði af the National Science Foundation.

MANNAUÐS- OG GÆÐAMÁL

Mannauður
Að jafnaði voru starfandi við skólann 255 fastráðnir starfsmenn á árinu, þar af um 155 akademískir starfsmenn og um 100 í stoðþjón-ustu og Opna háskólanum. Lektorar, dósentar og prófessorar voru rúmlega 100 og 62% þeirra voru með doktorspróf. Margir stundakennarar komu að störfum við skólann, og má segja að heildarfjöldi þeirra sem komu að störfum við HR hafi verið alls um 500 manns.

Nýráðningar
Á árinu var leitað að nýjum akademískum starfsmönnum á allmörg fræðasvið innan skólans, en einkum var áhersla lögð á að styrkja akademíska stöðu tækni- og verkfræðideildar og að fjölga nýdoktorum. Störfin voru auglýst bæði á Íslandi og erlendis í samræmi við nýja stefnu skólans um að leggja áherslu á alþjóðlegt starfsumhverfi og að laða að hæfa fræðimenn hvarvetna að úr heiminum. Yfir 70 nýir starfsmenn hófu störf á árinu, þar af rúmlega helmingur í nýjar stöður. Af einstökum deildum fjölgaði mest í tækni- og verkfræðideild eða um 12 stöðugildi. Starfsmannavelta fastra starfsmanna var 6% á árinu.

Hæfni og heilsa
Árið hófst með stórum starfsmannafundi, Áttavitanum 2008, þar sem farið var yfir stefnu skólans og kynntar nokkrar nýjungar sem tengjast eflingu mannauðs við skólann. Áherslan var lögð á að efla hæfni og heilsu starfsmanna, í takt við þá stefnu HR að vera vinnustaður sem styrkir einstaklinginn bæði faglega og persónulega. Ýmis námskeið fyrir starfsmenn voru haldin í fyrsta sinn á árinu, til dæmis í verkefnastjórnun, ensku og raddbeitingu, og ýmis heilsueflingarverkefni fóru af stað, svo sem grænmetisfæði einu sinni í viku og jóga í hádeginu.

Starfsþróun
Á árinu voru formgerð ýmis viðmið varðandi starfsþróun og eflingu mannauðsins sem starfar í HR. Þar á meðal voru nýjar reglur um rannsóknamisseri akademískra starfsmanna, reglur um námsleyfi starfsmanna, og ný viðmið sem gera öllum starfsmönnum kleift að sækja allt nám við HR sér að kostnaðarlausu. Ný starfsmannasamtöl akademískra voru tekin upp, þar sem starfið er skilgreint sem kennsla, rannsóknir og þjónusta innan og utan skólans.

Framsækin kennsla
Kennsluþjálfari var ráðinn til starfa við skólann í ágúst 2008, í kjölfar stefnumótunar skólans um að verða þekktur fyrir framsækni og nýsköpun í kennslu. Kennsluþjálfarinn veitir kennurum ráðgjöf um uppbyggingu námskeiða, gerð hæfniviðmiða og námsmats og um aðra þætti í framkvæmd kennslunnar, og var þjónustan strax mjög vel nýtt af kennurum HR. Árlegir kennslufræðidagar HR voru haldnir um miðjan ágúst, og voru þar meðal annars tveir fyrirlesarar frá MIT háskóla í Bandaríkjunum, þau Donald Sadoway prófessor og Janet Rankin frá náms- og kennslumiðstöð MIT. Alls mættu yfir 140 kennarar HR á kennslufræðidagana.

Alþjóðlegt starfsumhverfi
Fastir erlendir starfsmenn voru í lok árs um 20 talsins frá um 15 löndum, og að meðtöldum lausráðnum erlendum kennurum þá má segja að 17% starfsmanna HR sem komu að rannsóknum og kennslu hafi verið með erlent ríkisfang. Áhersla var lögð á það á árinu að gera starfsumhverfið í HR alþjóðlegra, og sú regla var tekin upp að allir tölvupóstar sem sendir eru á stóra hópa starfsmanna séu bæði á íslensku og ensku.

Akademískur styrkur
Í febrúar kom í fyrsta skipti til Íslands hin alþjóðleg ráðgjafanefnd skólans, en hún er skipuð stjórnendum og prófessorum við sjö virta erlenda háskóla. Margar gagnlegar ábendingar komu frá nefndinni, meðal annars sú hugmynd að halda reglulega svokallaða „Borgarafundi“ (e. Town hall meetings) þar sem tækifæri gæfist til að ræða um akademísk málefni skólans, en fyrsti slíki fundurinn var haldinn í maí 2008. Annar mikilvægur þáttur í að efla akademískan styrk skólans á árinu var stofnun Þróunarsjóðs HR, en í þann sjóð geta starfsmenn sótt um styrki vegna verkefna sem miða að því að efla akademískan styrk, auka nýsköpun í kennslu eða efla tengslanet skólans. Tvisvar var úthlutað úr Þróunarsjóðnum á árinu 2008, alls um 53 milljónum króna.

NEMENDUR 2008

Haustið 2008 stunduðu hátt í 3.000 nemendur nám við Háskólann í Reykjavík. Fjöldi nemenda hafði aldrei verið meiri og var boðið upp á nám í fimm háskóladeildum: Lagadeild (LD), viðskiptadeild (VD), tækni- og verkfræðideild (TVD), tölvunarfræðideild (TD) og kennslufræði- og lýðheilsudeild (KLD) auk náms á frumgreinasviði. Fjölmennasta háskóladeildin var VD með 938 nemendur. Hlutfall HR-inga af heildarfjölda háskólastúdenta var 17% og hefur aukist lítillega í samanburði við árið 2007. Stærstu deildir skólans eru viðskiptadeild og tækni- og verkfræðideild með um 31% nemenda.

Mynd 1. **Fjöldi nemenda eftir deildum**



Þegar tegund náms er skoðuð kemur í ljós að 82% nemenda voru í staðarnámi, 13% í HMV (háskólanám með vinnu) og 5% í fjarnámi. HMV er bundið við VD, TD og TVD og fjarnám er aðeins í boði í TVD og TD. Nám í HMV hefur aukist um 2% milli ára.

Ef aldursdreifing nemenda er skoðuð kemur í ljós að stærstur hluti nemenda er 20-24 ára eða 34%. Það sem vekur athygli er að meðalaldur nemenda er u.þ.b. 30 ár. Eldri nemendum hefur fjölgað jafnt og þétt vegna aukins framboðs í meistaranámi.

Mynd 2. **Aldursdreifing**



Í þremur deildum eru konur í meirihluta: VD, LD og KLD. Þar sem tæknigreinar eru ráðandi eru karlmenn í meirihluta. Ef hlutfall karla og kvenna er skoðað eftir deildum er niðurstaðan eftirfarandi:

Mynd 3. **Hlutfall karla og kvenna í deildum HR**



Karlar eru í meirihluta í HR eða hátt í 60% og er það athyglisvert í ljósi þess að á landsvísu er hlutfall karla í háskólanámi 1/3 móti 2/3 konur.

Umsóknir
Fjöldi umsókna um nám í HR var langt umfram væntingar. Rúmlega 2.200 umsóknir bárust um nám við skólann og er það metaðsókn. Ef kyn umsækjenda er skoðað kemur í ljós að tæp 54% umsækjenda voru karlar og 46% konur. Fjöldi umsókna frá konum hefur aukist ár frá ári og hefur aldrei verið meiri.

Tafla 1. **Fjöldi og kyn nemenda eftir deildum**

2008	KLD	TD	LD	VD	TVD	Frumgr.svið	Samtals
KK	73	156	102	336	4 12	126	1205
KVK	140	48	166	414	187	81	1036
Samtals	213	204	268	750	599	207	2241

Sú námsleið/braut sem naut mestra vinsælda var nám til BSc-prófs í viðskiptafræði en þar bárust 257 umsóknir. Til viðbótar þessum fjölda sóttu 135 um að stunda HMV-nám til BSc-prófs í viðskiptafræði. Fast á hæla viðskiptafræðinnar fylgdi BA-nám í lögfræði með 192 umsóknir.

Fjöldi nýnema
Um 1.300 nýnemar innrituðust inn á rúmlega 40 námsbrautir haustið 2008. Mestur fjöldi nýnema í háskóladeild var innritaður í viðskiptadeild eða rúmlega 400 nemendur.

Flestar námsbrautir voru í boði í tækni- og verkfræðideild eða 21 talsins meðan að fæstar voru í boði í LD eða tvær. Um 20 meistaranámsbrautir voru í boði fyrir umsækjendur, flestar í tækni- og verkfræðideild.

Hvaðan koma nemendur HR?
Nemendur HR komu úr rúmlega 60 bæjar- og sveitarfélögum. Auk þess búa fjölmargir nemendur erlendis sem stunda fjarnám við skólann. Flestir nemenda komu úr Reykjavík eða 45,5%. Skiptingin var annars eftirfarandi:

Mynd 4. **Hvaðan koma nemendur HR**



Fjöldi útskriftarnemenda
Árið 2008 útskrifaði Háskólinn í Reykjavík 818 nemendur. Flestir nemendur útskrifuðust með BSc-gráðu í viðskiptafræði eða 181 nemendur. Alls útskrifaði skólinn nemendur af rúmlega 40 námsbrautum. Stærstur hluti útskriftarnemenda kom úr viðskiptadeild eða 319.

Mynd 5. **Fjöldi útskriftarnema eftir stigi náms**



Kennslu- og húsnæðismál
Kennsla í Háskólanum í Reykjavík fór fram á fimm starfsstöðvum: Að Ofanleiti, Höfðabakka, Reykjanesbæ, í Kringlunni 1 og Kringlunni 7. Skólinn hafði til umráða tæplega 19.000 fermetra. Stærsta starfsstöð skólans var í Ofanleiti þar sem rúmlega 2.000 nemendur stunduðu nám sitt. Má áætla að um 2.500 nemendur hafi stundað nám sitt á Kringlusvæðinu.

Að Höfðabakka fór fram kennsla í tæknigreinum og verkfræðigreinum og á frumgreinasviði. Í Íþróttaakademíunni í Reykjanesbæ var kennd íþróttafræði í kennslufræði- og lýðheilsudeild, í Kringlunni 1 fór fram kennsla í verkfræðigreinum og tölvunarfræði. Í húsi verslunarinnar (Kringlan 7) var kennt í meistaranámi í viðskiptadeild. Í Ofanleiti fór fram kennsla í flestum fræðigreinum auk þess sem kennsla Opna háskólans fór að mestu leyti fram þar.

Gæðamál kennslu
Kennslumat var framkvæmt tvisvar sinnum á önn í öllum námskeiðum í grunnnámi og einu sinni til tvisvar sinnum í meistaranámi.

Meðaltal skólans á haustmisseri 2008 var 4,0 fyrir ánægjuvogina (Hversu ánægður/óánægður varstu með námskeiðið og kennsluna á misserinu?). Kennslufræði- og lýðheilsudeild var með hæsta meðaltalið eða 4,4. Svörun nemenda var almennt á bilinu 50–75% og almennt voru nemendur ánægðir með kennslu og fyrirkomulag hennar.

Forstöðumenn sviða og forsetar deilda vinna með kennslumat og taka viðtöl við kennara. Ef alvarlegar athugasemdir eru gerðar í fyrra kennslumati fá kennarar tækifæri til þess að laga það sem betur má fara. Kennsluþjálfari aðstoðar kennara og kemur inn í námskeið þar sem þörf er á.

DEILDIR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK
Háskólinn í Reykjavík hlaut viðurkenningu á fræðasviði félagsvísinda (lögfræði, viðskiptafræði, kennslufræði og lýðheilsufræði) í apríl 2008 og var þar með orðinn fullviðurkenndur háskóli á öllum fræðasviðum.

TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD – TVD

Kennsla og gráður
Innan tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík var kennt í grunnnámi til Diplóma- og BSc-gráðu og í framhaldsnámi til MSc-gráðu. Deildin skiptist í fimm fagsvið: byggingarsvið, fjármála- og rekstrarsvið, heilbrigðissvið, véla- og rafmagnssvið og frumgreinasvið.

Í iðnfræði var kennt til Diplómagráðu í byggingariðnfræði, rafiðnfræði og véliðnfræði. Námið er 90 ECTS einingar. Að loknu iðnfræðinámi er boðið upp á 30 ECTS nám í rekstrariðnfræði. Haustið 2008 hófst nám til BSc-gráðu í byggingafræði sem er 120 ECTS nám í framhaldi af byggingariðnfræði.

Í tæknifræði var kennt til BSc-gráðu í byggingartæknifræði, vél- og orkutæknifræði og rafmagnstæknifræði. Námslengd er 210 ECTS.

Í verkfræði var kennt til 180 ECTS eininga BSc-gráðu í fjármálaverkfræði, rekstrarverkfræði, heilbrigðisverkfræði, hátækniverkfræði og hugbúnaðarverkfræði (í samstarfi við tölvunarfræðideild). Haustið 2008 tók gildi nýtt námsfyrirkomulag þar sem verkfræðináminu er skipt í kjarna, sviðskjarna og val.

Boðið var upp á nám til 120 ECTS eininga meistaragráðu í byggingarverkfræði á eftirfarandi sviðum: Framkvæmdafræði, umferð og skipulagi, steinsteyputækni og mannvirkjahönnun. Nemendur sem hafa annan bakgrunn en BSc-próf í verkfræði eiga kost á að útskrifast með meistaraprófi á sumum þessara sérsviða. Haustið 2008 var í fyrsta sinn boðið upp á nám til meistaraprófs í fjármálaverkfræði, ákvarðanaverkfræði og heilbrigðisverkfræði. Unnið er að frekari uppbyggingu meistaranámsins með fjölgun námsbrauta.

Við tækni- og verkfræðideild var í boði nám í frumgreinum. Markmið náms á frumgreinasviði er fyrst og fremst að undirbúa nemendur undir frekara nám á háskólastigi með sérstaka áherslu á nám við tækni- og verkfræðideild. Haustið 2008 fluttist frumgreinasvið undir Opna háskólann en er eftir sem áður í nánu samstarfi við tækni- og verkfræðideild.

Í tæknínámi við Háskólann í Reykjavík er lögð sérstök áhersla á verklega hluta námsins við kennslu undirstöðugreina og hagnýtra fag- og tæknigreina. Við tækni- og verkfræðideild er í gangi sérstakt átak í uppbyggingu aðstöðu til verklegrar kennslu með nýju og endurbættu húsnæði, bættum tækjakosti og fyrsta flokks hugbúnaði, auk þess sem verið er að fjölga verklegum æfingum og verkefnum í fjölmörgum námskeiðum. Á árinu 2008 var m.a. unnið að uppbyggingu tækjakosts í vélsmiðju, orkutæknistofu, stýritæknistofu og eðlisfræðistofu.

Rannsóknir
Rannsóknir eru mikilvægur þáttur í starfsemi háskóla sem undirstaða kennslu og til sjálfstæðrar þekkingarleitar. Mikil áhersla er lögð á uppbyggingu rannsókna við tækni- og verkfræðideild og á síðustu misserum hafa fjölmargir nýir akademískir starfsmenn hafið störf við deildina, bæði innlendir og erlendir. Háskólinn í Reykjavík stefnir að því að alþjóðavæða starfsemi sína með verulegri fjölgun erlendra starfsmanna og nemenda við skólann auk samstarfs við erlenda háskóla, stofnanir og fyrirtæki. Rannsóknir eru unnar í samstarfi við ýmsa aðila innan Háskólans í Reykjavík, við aðra háskóla á Íslandi og erlendis, við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki.

Á árinu 2008 voru birtingar starfsmanna tækni- og verkfræðideildar á ritrýndum vettvangi alls 133 og höfðu aukist um 20% frá árinu á undan. Rannsóknarstyrkir úr íslenskum samkeppnissjóðum til starfsmanna tækni- og verkfræðideildar námu alls um 60 milljónum króna á árinu 2008 og höfðu aukist um 65% frá árinu á undan.

Á árinu 2008 voru auglýstar lausar stöður akademískra starfsmanna á ýmsum starfssviðum deildarinnar og gengið var frá ráðningu alls níu nýrra akademískra starfsmanna.

Tengsl við atvinnulífið

Háskólinn í Reykjavík er í eigu íslensks atvinnulífs og mikil áhersla er lögð á tengsl við atvinnulífið í starfsemi tækni- og verkfræðideildar. Fjölmörg nemendaverkefni og rannsóknarverkefni eru unnin í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir og umtalsverður fjöldi stundakennara úr atvinnulífinu kennir við deildina.

Háskólinn í Reykjavík hefur umsjón með samstarfssamningi MIT-háskólans við íslenskt atvinnulíf, sem felur í sér aðgang að víðtæku samstarfi, rannsóknum, fyrirlesurum, ráðstefnum, þekkingu og færni MIT eftir þörfum.

Tækni- og verkfræðideild sá um rekstur Lagnakerfamiðstöðvar Íslands í Keldnaholti á árinu 2008. Í húsnæði LKÍ var byggð vélsmiðja og orkutæknistofa TVD auk annarrar starfsemi Lagnakerfamiðstöðvar. Formlegu samstarfi um rekstur LKÍ lauk í árslok 2008 en vélsmiðja og orkutæknistofa verða staðsettar þar fram að flutningi í nýtt húsnæði HR.

Orkuskóli

Orkuskólinn REYST (Reykjavik Energy Graduate School of Sustainable Systems) er samstarfsverkefni Orkuveitu Reykjavíkur, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík þar sem boðið er upp á þverfaglegt nám í sjálfbærum orkuvísindum til meistaraprófs. Fyrstu nemendur skólans innrituðust haustið 2008.

Ráðgjöf frá MIT

Til þess að tryggja hámarksgæði í kennslu og rannsóknum fékk deildin hóp prófessora við MIT til ráðgjafar um uppbyggingu meistaranáms í verkfræði. Stofnaðir voru vinnuhópar um hvert þeirra sviða verkfræðinnar þar sem boðið er upp á námsbrautir við deildina þar sem saman komu nokkrir starfsmenn MIT og starfsmenn tækni- og verkfræðideildar á viðkomandi sviði. Tillögur vinnuhópanna lágu fyrir á vormánuðum 2008.

LAGADEILD – LD

Kennsla og gráður

Lagadeild Háskólans í Reykjavík býður upp á 3ja ára grunnnám til BA-gráðu í lögfræði (180 ECTS einingar). Að því loknu gefst nemendum kostur á að stunda 2ja ára (120 ECTS einingar) meistaranám í lögfræði (ML). Í grunnnáminu er lögð höfuðáhersla á að veita nemendum trausta undirstöðu í aðferðafræði og yfirgripsmikla þekkingu í öðrum höfuðgreinum lögfræðinnar. Kennsla fer að hluta fram í fyrirlestrum og raunhæfum verkefnum en einnig í formi vinnu- og umræðufunda.

Meistaranámið einkennist af miklu persónulegu vali um áherslur og námsleiðir og gefur m.a. möguleika á sérhæfingu innan lögfræðinnar og samþættingu við aðrar háskólagreinar en lögfræði. Meistaranámið er rannsóknartengt. Einn megintilgangur þess er að hvetja nemendur og þjálfa þá til greinandi og gagnrýninnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða á grundvelli einstaklingsbundinnar námsáætlunar. Fjöldi námskeiða er í boði innan meistaranámsins en sérstök áhersla er lögð á að bjóða námskeið og málstofur á sviði:

a) Alþjóðalaga og alþjóðaviðskipta.
b) Dómstóla og málflutnings.
c) Fjármunaréttar.

Lagadeildin útskrifaði árið 2008, 55 nemendur með BA próf og 50 nemendur með meistarapróf í lögfræði þar af 2 með aðra grunngráðu en lögfræði.

Lögrétta – félag laganema

Félagið varð fimm ára árið 2008. Á árinu komu út þrjú tölublöð af Tímariti Lögréttu, sem er vandað ritrýnt fræðirit á sviði lögfræði. Málfundafélag Lögréttu stóð fyrir fjölda opinna funda og fyrirlestra.

Erlend stúdentaskipti – námsferðir nemenda

Nemendum við lagadeild HR stendur til boða að ljúka hluta námsins, allt að 60 ECTS einingum, við erlenda háskóla, á grundvelli nemendaskiptasamninga eða á öðrum forsendum og þá að fengnu samþykki lagadeildarinnar. Lagadeild gerði nýja nemendaskiptasamninga við Háskólann í Ottawa, Háskólann í Leiden, Carlos III og Escade á Spáni og Sabanci háskólann í Istanbul.

Lagadeild HR er einnig aðili að NORDPLUS nemendaskiptaáætlun Norðurlanda, sem gerir nemendum kleift að sækja nám til háskóla á Norðurlöndum skv. þeim reglum sem um slík nemendaskipti gilda á hverjum tíma. Nemendur í Evrópurétti á 2. ári fóru í árlega námsferð til Brussel í febrúar, þar sem heimsótt-ar voru stofnanir Evrópusambandsins, EFTA, Eftirlitsstofnun EFTA og fastanefnd Íslands gagnvart Evrópusambandinu. Ferð til Brussel sem fara átti í október var frestað vegna hruns bankakerfisins. Nemendur í meistaranámi heimsóttu Mannréttindadómstólinn í Strassborg.

Keppnislið lagadeildar Háskólans í Reykjavík, skipað fjórum meistaranemum, hélt á vormánuðum til Vínarborgar í Austurríki til þátttöku í Willem C. Vis International Commercial Arbitration gerðardómskeppninni. Lagadeild HR er fyrst íslenskra lagadeilda til að taka þátt í umræddri keppni, sem haldin er árlega í Vínarborg og Hong Kong, með þátttöku keppnisliða frá um 200 lagadeildum, víðs vegar að úr heiminum.

Rannsóknir

Þrír kennarar lagadeildar hlutu styrki í lögfræði úr rannsóknarsjóði Bjarna Benediktssonar vorið 2008. Margrét Vala Kristjánsdóttir, lektor og dr. Ragnhildur Helgadóttir prófessor hlutu 500.000. króna styrk fyrir rannsóknarverkefnið Inntak og beiting 15. gr. stjórnarskrárinnar. Dr. Oddný Mjöll Arnardóttir prófessor hlaut einnig 500.000 króna styrk fyrir rannsóknarverkefnið Vísindarannsóknir á heilbrigðissviði – lagaumgjörð stjórnsýslu og réttarvernd þátttakenda.

Stofnanir á vegum lagadeildar HR:

Evrópuréttarstofnun HR

Markmið EHR er að auka rannsóknir á sviði Evrópuréttar hér á landi og stuðla að faglegri umræðu um stöðu Íslands í samfélagi Evrópuþjóða. Meginhlutverk stofnunarinnar er að efla tengsl rannsókna og kennslu á sviði Evrópuréttar og Evrópu¬mála, einkum með þátttöku nemenda í rannsóknarvinnu við stofnunina. EHR veitir því nemendum í framhaldsnámi faglegan stuðning og aðstöðu til eigin rannsókna. Forstöðumaður er Peter Chr. Dyrberg aðjúnkt við lagadeild.

Miðstöð Evrópuupplýsinga (EU i)

Evrópuupplýsingarmiðstöð(EU i) í Háskólanum í Reykjavík er hluti af upplýsingastefnu Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, „EU in the World“. Miðstöðin er möskvi í upplýsinganeti í löndum utan sambandsins. Hún er sú eina sinnar tegundar á Íslandi og hefur verið starfrækt síðan 2003 undir merkjum European Documentation Centre – EDC. Hlutverk EU i er að stuðla að kennslu, hvetja til rannsókna og gera upplýsingar frá ESB aðgengilegar, bæði í háskólasamfélaginu og annars staðar. Evrópuupplýsingamiðstöðin tekur þátt í umræðunni um Evrópusambandið þar sem það á við.

Fjármálaréttarstofnun HR

Markmið Fjármálaréttarstofnunar er að vera vettvangur rannsókna og umræðu á sviði löggjafar um slíka þjónustu, í því skyni að efla þekkingu og áhuga á sviðinu og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Hlutverk stofnunarinnar er að efla rannsóknir og kennslu í fjármálaþjónusturétti, auka samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila, gefa út og kynna niðurstöður rannsókna og annars fræðsluefnis auk þess að veita fræðslu og ráðgjöf um fjármálaþjónustulöggjöf. Forstöðumaður Fjármálaréttarstofnunar er Aðalsteinn E. Jónasson, dósent við lagadeild.

Auðlindaréttarstofnun HR

Stofnuninni er ætlað að vera vettvangur fyrir fræðilegar rannsóknir á réttarreglum sem varða hagnýtingu og vernd náttúruauðlinda, vera miðstöð þekkingar og fræðslu um auðlindarétt og veita þjónustu og ráðgjöf um lagaleg atriði á því sviði. Forstöðumaður er dr. jurs Guðrún Gauksdóttir dósent við lagadeild.

Miðstöð Íslands um samfélagsábyrgð fyrirtækja – Eþikos

Eþokis var sett á fót í maí 2008, með stuðningi sex íslenskra fyrirtækja og utanríkisráðuneytisins. Markmið miðstöðvarinnar er að efla getu fyrirtækja á Íslandi til að sýna ábyrgð gagnvart samfélaginu, umhverfi sínu og mannréttindum í daglegum rekstri. Forsvarsmaður Eþikos er Páll Ásgeir Davíðsson, sérfræðingur við lagadeild.

Tengsl við atvinnulíf

Hluti af meistaranámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík getur farið fram í viðurkenndu starfsnámi og getur nemandi fengið allt að 12 ECTS einingar metnar í meistaranámi á grundvelli starfsnámssamninga lagadeildarinnar og einstakra stofnana og fyrirtækja. Lagadeild HR gerði nýja starfsnámssamninga á árinu við Viðskiptaráð, Ríkislögreglustjórann, Lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu, Ríkissaksóknara, Fangelsismálastofnun, Lögregluskóla ríkisins, Umboðsmann barna og Héraðsdóm Norðurlands eystra

Kennarar lagadeildar unnu margvísleg lögfræðileg verkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir þ.m.t. ríkisfyrirtæki og ráðuneyti. Þessi verkefni eru af margvíslegum toga og má þar nefna lögfræðilegar álitsgerðir og undirbúning undir lagasetningu. Þá er ástæða til að nefna í þessu sambandi að við lagadeild starfa margir stundakennarar sem flestir starfa jafnframt fyrir einkafyrirtæki eða opinbera aðila. Á vegum deildarinnar eru á hverju ári fluttir fyrirlestrar og haldnar ráðstefnur bæði af erlendum og innlendum sérfræðingum og fræðimönnum, sem sérstaklega eru ætlaðar fyrirtækjum og stofnunum þar sem krufin eru til mergjar ýmis lögfræðileg álitaefni er þýðingu hafa fyrir atvinnulífið.

Annað

Vorið 2008 öðluðust nemendur úr fyrsta útskriftarhópi lagadeildar réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi.

Guðmundur Gísli Ingólfsson lögfræðingur úr fyrsta útskriftarárgangi lagadeildar HR hlaut í mars lögmannsréttindi í New York fylki í Bandaríkjanum en þaðan lauk hann einnig LL.M. gráðu í hugverkarétti.

KENNSLUFRÆÐI – OG LÝÐHEILSUDEILD – KLD

Kennsla og gráður
Deildin bauð upp á sex námsmöguleika:

- Grunnnám í íþróttafræðum fyrir verðandi íþróttakennara og þjálfara þar sem meðal annars er lögð áhersla á mikilvægi íþrótta í heilsueflingu og forvörnum.
- Grunnnám í stærðfræði.
- Grunn- og meistaranám fyrir verðandi kennara sem vilja verða framúrskarandi í kennslu stærðfræði og raungreina.
- Meistaranám í lýðheilsufræðum, sem ætlað er þeim sem vilja vinna að stjórnun og stefnumótun í lýðheilsu, skipulagningu og útfærslu lýðheilsuverkefna, eða við rannsóknir, hvort sem er innan stofnana og fyrirtækja, eða á vegum ríkis og sveitarfélaga. Námið nýtist jafnframt vel þeim sem hyggjast vinna með börnum og ungmennum í skipulögðu starfi á vettvangi.
- Meistaranám fyrir verðandi kennara, sem vilja leggja áherslu á lýðheilsu í starfi sínu innan skóla.
- EMPH: Frámhaldsnám sem er ætlað brautryðjendum sem vilja starfa við nýsköpun, rekstur, þjónustu og stjórnun á sviði heilbrigðismála.

Deildin er mótuð og skipulögð í góðu samstarfi við skóla sem standa framarlega í kennslu og rannsóknum á sviði lýðheilsu og kennslufræða, má þar nefna Columbia háskóla í New York, Penn State háskóla í Pennsylvaníu, Karolinska Institute í Stokkhólmi, Nordic School of Public Health í Gautaborg, King's College í London o.fl. Fræðimenn frá þessum háskólum eru meðal þeirra sem kenna og stunda rannsóknir við deildina.

Framtíðarsýn deildarinnar er að verða framúrskarandi kennslu- og rannsóknarsetur þar sem nemendur hljóta fyrsta flokks fagmenntun. Áhersla verður lögð á rannsóknarmiðað nám. Nemendur vinna raunhæf og krefjandi verkefni og hljóta jafnframt þjálfun til forystu og stjórnunar á sviði kennslu og lýðheilsu.

Tengsl við atvinnulífið
Hluti námsins er skipulagður í öflugu starfsnámi, þar sem nemendum býðst að kenna við valda grunn- og framhaldsskóla, undir leiðsögn leiðbeinanda frá HR í samstarfi við reynda kennara í viðkomandi skólum. Þá gefst nemendum kostur á að vinna verkefni í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir, aðrar deildir HR og erlenda háskóla.

Rannsóknarmiðstöð kennslufræði- og lýðheilsudeildar
Við kennslufræði- og lýðheilsudeild er starfrækt rannsóknarmiðstöðin Rannsóknir & greining. Markmið R&G er að sinna þekkingarsköpun og útbreiðslu þekkingar á málefnum barna og ungs fólks. Þar hafa kennarar og nemendur aðgang að stórum gagnagrunni sem byggður hefur verið upp á undanförnum árum og hefur að geyma upplýsingar um fjölmarga þætti er varða ungt fólk á Íslandi. Á meðal þess eru viðamiklar upplýsingar um námsárangur barna og ungmenna, líðan í skóla og aðra námstengda þætti, svo og upplýsingar um ýmsa þætti er tengjast lýðheilsu í víðu samhengi. Niðurstöður rannsóknanna birtast í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum en einnig í skýrslum og bókum. Hér á landi hafa þær verið nýttar sem grundvöllur stefnumótunar í málefnum barna og unglinga. Rannsóknir R&G eru þverfaglegar. Þannig er leitast við að virkja samstarf við rannsóknarfólk í öðrum deildum skólans sem og í öðrum háskólum hér heima og erlendis.

TÖLVUNARFRÆÐIDEILD – TD

Tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík er fremsta tölvunarfræðideild landsins. Hlutverk deildarinnar er að annast kennslu og stunda rannsóknir í tölvunarfræði, stærðfræði, hugbúnaðarverkfræði, máltækni og skyldum greinum.

Kennsla og gráður
Í grunnnámi er boðið upp á fimm gráður: Diplómagráðu í kerfisfræði, BSc-gráðu í tölvunarfræði, BSc-gráðu í hugbúnaðarverkfræði, BSc-gráðu í stærðfræði og BSc/BEd-gráðu í stærðfræði og kennslufræði. BSc-gráðurnar eru 180 ECTS einingar og taka því þrjú ár með fullum námshraða. Diplómagráða í kerfisfræði er 120 ECTS einingar og tekur því tvö ár, en einnig er hægt að taka kerfisfræðinámið í fjarnámi og í háskólanámi með vinnu. Þeim sem búa utan höfuðborgarsvæðisins og þeim sem eru í vinnu er þannig gefið tækifæri til að afla sér framúrskarandi menntunar í tölvutækni. Í öllum greinum er lögð áhersla á gæði kennslu og jafnvægi milli styrkrar fræðilegrar undirstöðu og hagnýtrar þekkingar á nýjustu tækni. Hugbúnaðarverkfræðinámið og BSc/BEd-námi í stærðfræði og kennslufræði eru þverfaglegar námsbrautir sem skipulagðar eru í nánu samstarfi við tækni- og verkfræðideild annars vegar og kennslufræði- og lýðheilsudeild hins vegar.

Við tölvunarfræðideild hefur verið lögð mikil áhersla á að efla framhaldsnám. Frá 2003 hefur verið boðið MSc-nám í tölvunarfræði og frá 2007 í máltækni. Báðar námsbrautirnar eru 120 ECTS einingar og taka því tvö ár. Árið 2008 hófst svo MSc-nám í hugbúnaðarverkfræði. Á öllum þessum brautum er hægt að velja á milli þess að leggja áherslu á rannsóknir og þess að leggja áherslu á námskeið.

Doktorsnám í tölvunarfræði hófst einnig árið 2008 með viðurkenningu menntamálaráðuneytis. Námið var metið af alþjóðlegri nefnd, sem gaf doktorsnáminu bestu mögulegu meðmæli frá byrjun, enda var niðurstaða nefndarinnar að tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík væri sú öflugasta á landinu og að rannsóknir deildarinnar stæðu jafnfætis rannsóknum í mjög góðum alþjóðlegum rannsóknarstofnunum.

Tveir stórir nemendaskiptasamningar voru gerðir 2008 við erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir. Undirritaður var samningur við Háskólann í Camerino (UNICAM) um sameiginlega prófgráðu (e. double degree) í meistaranámi í tölvunarfræði. Samstarfið nýtur stuðnings ítalska menntamálaráðuneytisins og heimilar þremur nemendum frá hvorum skóla að fara á milli skóla á námsstyrk á hverju ári. Einnig var gerður samningur við Fraunhofer Center for Experimental Software Engineering (CESE) við Háskólann í Maryland. Í þessum samningi felst m.a. að nemendur tölvunarfræðideildar geta fengið launaða þjálfunarstöðu (e. internship) í allt að sex mánuði í senn.

Rannsóknir
Við tölvunarfræðideild eru starfandi fimm rannsóknarsetur: Gervigreindarsetur, Þekkingarsetur í fræðilegri tölvunarfræði, Gagnasetur, Tungutæknisetur og Öryggissetur. Auk þessara setra eru starfsmenn í tölvunarfræðideild burðarásinn í Stærðfræðisetri Háskólans í Reykjavík, sem er þverfaglegt rannsóknarsetur um rannsóknir í fléttufræðum og skyldum greinum stærðfræðinnar. Á árinu var ráðinn inn nýr sérfræðingur í hugbúnaðarverkfræði til að efla rannsóknir á sviðinu og efla námið í hugbúnaðarverkfræði.

Í júlí stóð Þekkingarsetur í fræðilegri tölvunarfræði fyrir árlegri ráðstefnu evrópsku samtakanna EATCS um fræðilega tölvunarfræði. Ráðstefnan, International Conference on Algorithms, Languages and Computation, eða ICALP, er bæði flaggskip samtakanna og fagsins í Evrópu. Ráðstefnunni var skipt í þrjár brautir: Braut A sneri að reikniritum, flækjustigsfræði, og leikjum, Braut B að rökfræði, merkingarfræði og grundvallaratriðum forritunar, en braut C fjallaði um kjarna tölvuöryggis og dulkóðunar. Meðfram ráðstefnunni voru einnig skipulagðir 13 vinnuhópar sem margir höfðu sínar eigin dagskrá og valnefndir. Um 300 manns voru skráðir á sjálfa ráðstefnuna en um 200 í vinnuhópana og er þetta mun meiri aðsókn en verið hefur að ráðstefnunni undanfarin ár.

Gervigreindarhátíð HR var haldin í þriðja sinn. Yfirskrift og þema hennar var „Gervigreind og leikir“ og var dagskráin mjög fjölbreytt. Um 130 manns komu á hátíðina; sóttu fyrirlestra, hlýddu á tónlist, og kynntu sér rannsóknarverkefni nemenda, setra og sprotafyrirtækja sem þarna voru.

Árangur rannsókna við deildina birtist einnig í verki þegar forritið CADIA-player vann heimsmeistarakeppni gervigreindarforrita í almennu leikjaspili á meginráðstefnu alþjóðlega gervigreindarsamfélagsins annað árið í röð. Sífellt fleiri nemendur kjósa lokaverkefni með rannsóknaráherslu, og eitt slíkt verkefni hlaut tvenn verðlaun á sýningu nemendaverkefna á einni helstu alþjóðlegu ráðstefnu um gerð greindra sýndarmenna.

Vísindamönnum tölvunarfræðideildar voru veitt viðurkenningar í formi stórra styrkja úr Rannsóknasjóði Rannís á árinu til að þróa áfram rannsóknir sínar. Stærsti styrkur ársins var veittur til verkefnis „Mannlegar vitverur í félagslegu leikjaumhverfi“ sem er samstarfsverkefni Gervigreindarseturs og tölvuleikjaframleiðandans CCP. Þá fékk rannsókn á þróun keyrslumerkingafræði styrk og samhliða því voru gervigreindarrannsóknir efldar með styrk til að þróa frekar alhliða leikjaspilara.

Tengsl við atvinnulíf

Sterk tengsl við atvinnulífið eru lykilþáttur í starfsemi tölvunarfræðideildar og birtist það bæði í kennslu og rannsóknum. Lokaverkefni BSc-nemenda hafa löngum verið unnin í nánu samstarfi við fyrirtæki á Íslandi og hafa þau þannig skapað nýja þekkingu og eflt tengsl nemenda við atvinnulífið. Auk þess kenna sérfræðingar frá fyrirtækjum, innlendum sem erlendum, námskeið við tölvunarfræðideild og auka þannig breidd deildarinnar og styrkja tengsl við iðnaðinn.

Niðurstöður rannsókna deildarinnar nýtast á ýmsan hátt í atvinnulífinu og má t.d. nefna nýtingu tækni sem þróuð var í Gervigreindarsetrinu í sjálfvirkar ýsuflokkunarvélar (í samstarfi við Völku) og þróun mannlegra vitvera í sýndarheimum í samstarfi við CCP.

Fyrirtækið Eff2, sem sprottið er úr Gagnasetri deildarinnar, vann Gulleggið 2008 , sem er frumkvöðlakeppni Innovit. Fyrirtækið þróar og markaðsetur tækni í gagnagrunnum fyrir margmiðlunarefni sem hefur gert leit að myndum og kvikmyndum mun hraðvirkari.

Tengsl tölvunarfræðideildar við atvinnulífið eru þó ekki einskorðuð við fyrirtæki innanlands, enda starfa vísindamenn við tölvunarfræðideild með fyrirtækjum um allan heim. Má til dæmis nefna samstarf við Honda Research Institute í Bandaríkjunum, þar sem unnið er við að þróa mannlega hegðun í vélmennum, og Alelo, einnig í Bandaríkjunum, þar sem unnið er að þróun leikjatækni til tungumálakennslu.

VIÐSKIPTADEILD – VD

Kennsla og gráður

Innan viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík er kennt í grunnnámi til Diplóma- og BSc-prófs og í framhaldsnámi til meistaraprófs, MSc og MBA. Einnig var í fyrsta sinn boðið AMP diplómanám fyrir æðstu stjórnendur fyrirtækja í samstarfi við IESE háskólann í Barcelona. Viðskiptadeild HR sótti um leyfi á árinu til að halda úti doktorsnámi við deildina.

Um það bil þúsund nemendur stunduðu nám við viðskiptadeild á árinu 2008 og var kennt í 130 námskeiðum.

Fastráðnir kennarar og starfsmenn deildarinnar voru í kringum 55. Til viðbótar störfuðu um 60 íslenskir stundakennarar við deildina og 30 útlendir stundakennarar. Hátt í 100 gestafyrirlesarar sækja deildina heima á ári hverju.

Grunnnám

Í grunnnáminu er lögð áhersla á framsækið og krefjandi nám þar sem mikil áhersla er lögð á yfirgripsmikla þekkingu á helstu sviðum innan viðskiptafræði. Lögð er áhersla á að nemendur hafi í lok námsins náð ákveðnum hæfniviðmiðum en það eru ákveðin viðmið um þekkingu og hæfni. Þau eiga að miða að því að nemandi hafi farið í gegnum og búi yfir ákveðinni tegund þekkingar, svo sem hagnýtri hæfni, fræðilegri hæfni, hæfni í samskiptum og upplýsingalæsi.

Hægt er að ljúka BSc- gráðu í fullu námi í dagskóla á þremur árum en einnig er hægt að stunda námið meðfram vinnu á þremur og hálfu ári í svonefndu háskólanámi með vinnu (HMV). Á árinu 2008 voru haldin 55 námskeið í BSc-náminu og sóttu það um 600 nemendur.

Í HMV er líka hægt að ljúka Diplómaprófi í viðskiptafræði en það nám er til tveggja ára. Hægt er velja á milli fjármála og reksturs, stjórnunar og starfsmannamála og markaðsfræði og alþjóðaviðskipta.

Framhaldsnám

Viðskiptadeild bauð fimm námslínur til meistaraprófs á árinu 2008. Kennslan fór nær eingöngu fram á ensku. Voru nemendur þjálfaðir í vönduðum vinnubrögðum bæði einir og sér og í hópum. Kennslan er í höndum innlendra sem erlendra kennara. Nemendum er einnig boðið að starfa eða nema erlendis.

Alls voru um 250 nemendur í meistaranámi í viðskiptadeild á árinu 2008.

MBA

MBA stjórnunar- og rekstrarnám á meistarastigi er ætlað einstaklingum með háskólapróf af mismunandi fagsviðum og reynslu úr atvinnulífinu. Námið er skipulagt þannig að flestir nemendur taka það meðfram störfum. Markmiðið er að efla stjórnunar- og leiðtogahæfileika og veita metnaðarfullum nemendum þekkingu og færni til að vera leiðandi í nýsköpun og rekstri fyrirtækja og stofnana.

Flestir kennarar eru erlendir og koma frá viðskiptaháskólum sem raða sér í efstu sætin í alþjóðlegum samanburðarkönnunum, svo sem IESE, London Business School og Insead. Aðrir kennarar eru fastráðnir við Háskólann í Reykjavík. Námið fer allt fram á ensku og er krafist virkrar þátttöku nemenda. Árið 2008 voru 110 nemendur í MBA-náminu í tveimur árgöngum.

Á árinu 2008 var sérstök áhersla lögð á að þróa þann hluta námsins sem snýr að persónulegri færni nemenda, þeirri færni sem í raun hefur mest áhrif á það hvort einstaklingur nær árangri í leiðtoga-

hlutverki. Sett var upp ítarlegt ferli með verkefnum, fyrirlestrum og kennslu sem spannar bæði árin í náminu.

Könnun sem var gerð meðal nýútskrifaðra nemenda árið 2008 leiddi í ljós að um 95% þeirra töldu gæði námsins ýmist góð eða mjög góð en 5% voru hlutlaus. Um 95% nemenda sögðu að námið hefði styrkt þá sem starfsmenn en 5% voru hlutlaus. Þá sögðu 100% nemenda að námið hefði verið virði þeirra fórna sem þurfti að færa í tíma, peningum og vinnu.

AMP

Háskólinn í Reykjavík og IESE háskólinn í Barcelona hófu í apríl 2008 samstarf um nám fyrir æðstu stjórnendur fyrirtækja. Námið, sem kallast AMP (Advanced Management Program), er vel þekkt og hefur verið kennt við IESE um langa hríð. Námið fer fram bæði í Reykjavík og í Barcelona og tekur hálft ár. Kennt er í fjórum lotum og fer síðasti fjórðungur námsins (vika) fram við IESE í Barcelona. Kennarar koma meðal annars frá IESE, London Business School, Richard Ivey School of Management og NASA.

Markmiðið er að bjóða nám fyrir æðstu stjórnendur fyrirtækja sem þegar búa að umtalsverðri reynslu af fyrirtækjarekstri. Í náminu er tekið á mikilvægum þáttum sem snúa að rekstri fyrirtækja og kynntar helstu nýjungar í fræðunum og nýjar aðferðir og hugmyndir til að takast á við áskoranir í nútíð og framtíð.

Rannsóknir

Í viðskiptadeild er starfrækt sérstakt rannsóknarráð en í því sitja þrír starfsmenn deildarinnar. Þá eru í deildinni nokkrar rannsóknarmiðstöðvar og rannsóknarhópar, en sterkustu svið deildarinnar í rannsóknum eru hagfræði, fjármál, frumkvöðlafræði, nýsköpun, mannauðsstjórnun, markaðsfræði og neytendahegðun.

Í kringum 20 akademískir starfsmenn höfðu skilgreint rannsóknarhlutfall árið 2008 en rannsóknir deildarinnar hafa verið að styrkjast. Á árinu birtu akademískir starfsmenn viðskiptadeildar 24 greinar í ritrýndum tímaritum, þar af 10 í svokölluðum viðurkenndum ISI ritum.

Viðskiptadeild HR birti flestar ritrýndar alþjóðlegar greinar af öllum viðskiptaháskólum landsins líkt og árið 2007. Einnig voru 33 rannsóknir kynntar á ráðstefnum og þrír bókarkaflar birtir.

Tengsl við atvinnulífið

Viðskiptadeild HR hefur frá upphafi lagt áherslu á virk tengsl við atvinnulífið enda eru slík tengsl ein af grunnstoðum í starfsemi skólans. Lokið var við gerð stefnumótunar um tengsl háskólans við atvinnulífið í árslok 2007 og var hún innleidd á árinu 2008.

Kennarar deildarinnar voru með margvísleg tengsl við atvinnulífið og héldu áfram að efla þau, til að mynda með setu í nefndum og ráðum, með því að veita ráðgjöf, skipuleggja ráðstefnur og taka þátt í rannsóknum í samstarfi við atvinnulífið. Sjö fastráðnir kennarar störfuðu sem fyrr úti í atvinnulífinu samhliða starfi sínu hjá viðskiptadeild. Þá heimsóttu 40 gestir úr atvinnulífinu nemendur deildarinnar og miðluðu af reynslu sinni. Fjöldi nemenda vann að raunhæfum verkefnum fyrir fyrirtæki og stofnanir. Viðskiptadeild er vettvangur fyrir fulltrúa atvinnulífsins til þess að fjalla um þær áskoranir sem þeir standa frammi fyrir og kynnast rannsóknum sem skólinn stundar. Í því augnamiði voru haldnar nokkrar sameiginlegar ráðstefnur. Gerður var einn nýr samstarfssamningur við fyrirtæki til styrktar kennslu- og rannsóknarstöðu. Áður höfðu KPMG og Íslandsbanki gert sambærilegan samstarfssamning.

RANNSÓKNIR VIÐ HR

Við Háskólann í Reykjavík er lögð áhersla á að stunda alþjóðlega viðurkenndar rannsóknir sem efla orðstír skólans á alþjóðavettvangi, næra kennsluna við skólann og veita nýrri þekkingu inn í íslenskt atvinnulíf og samfélag. HR hefur mótað sér skýra og framsækna rannsóknarstefnu og markviss skref hafa verið stigin til að efla rannsóknir á öllum fræðasviðum skólans. Rannsóknarvirkni HR hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin og fjöldi birtinga á ritrýndum vettvangi að sama skapi. Á megin fræðasviðum skólans, þ.e. viðskiptafræði, lögfræði, tölvunarfræði, tækni- og verkfræði og kennslu- og lýðheilsufræði, er Háskólinn í Reykjavík að verða fremstur meðal jafningja hér á landi þegar litið er til árangurs í rannsóknum.

Staða HR í íslensku rannsóknarumhverfi styrktist verulega á árinu 2008 og skólinn hefur nú náð á skömmum tíma að byggja upp frjótt og aðlaðandi rannsóknarumhverfi fyrir bæði innlenda og erlenda vísindamenn. Á árinu störfuðu við skólann um 160 akademískir starfsmenn (þ.e. lektorar, dósentar, prófessorar, aðjúnktar, nýdoktorar, gestaprófessorar og aðrir sérfræðingar) að margvíslegum rannsóknarverkefnum í samstarfi við bæði innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki.

Við allar deildir skólans eru stundaðar umfangsmiklar rannsóknir og viðfangsefnin eru margbreytileg. Margar rannsóknarstofnanir og rannsóknarmiðstöðvar eru starfræktar við skólann og starfa þar vísindamenn og nemendur að mörgum áhugaverðum rannsóknarverkefnum, oft í nánu samstarfi við virta erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir. Vísindamenn og nemendur við skólann eru virkir þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi svo sem alþjóðlegum vísindasamtökum, vísindaráðstefnum og vísindanetum. Þetta er mikill styrkur fyrir skólann, sérstaklega þegar kemur að rannsóknartengdu námi, þ.e. meistara- eða doktorsnámi.

Rannsóknarráð HR

Nýtt Rannsóknarráð HR, sem hefur það megin hlutverk að styðja við og efla rannsóknir við skólann, var skipað á árinu til tveggja ára:

- Álfgeir Logi Kristjánsson, lektor við kennslufræði- og lýðheilsudeild.
- Friðrik Már Baldursson, prófessor við viðskiptadeild (formaður).
- Karl Ægir Karlsson, dósent við tækni- og verkfræðideild.
- Leifur Geir Hafsteinsson, lektor við viðskiptadeild.
- Ragnhildur Helgadóttir, prófessor við lagadeild.
- Yngvi Björnsson, dósent við tölvunarfræðideild.

Til að efla akademískan styrk skólans og ná settum markmiðum með uppbyggingu á innra starfsemi hans lætur HR gera ítarlegt mat árlega á rannsóknarárangri allra akademískra starfsmanna við skólann af 5 manna nefnd erlendra sérfræðinga (fyrsta matið var gert 2007). Rannsóknarráð HR hefur yfirumsjón með matinu sem síðan er lagt til grundvallar við skiptingu alls rannsóknarfjár frá menntamálaráðuneytinu. Þetta árlega mat á rannsóknarvirkni akademískra starfsmanna er afar mikilvægur þáttur í eflingu og gæðaeftirliti rannsókna við skólann.

Styrkir úr rannsóknarsjóðum

Akademískir starfsmenn skólans hafa jafnt og þétt aukið sókn sína í rannsóknarsjóði og var árið 2008 engin undantekning. Skólinn hlaut marga styrki úr bæði innlendum og erlendum rannsóknarsjóðum á árinu. Heildarstyrkupphæð til skólans úr Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs hefur aukist ár frá ári og 2008 fékk skólinn um 68 milljónir króna til fjölmargra verkefna. Skólinn hefur einnig aukið jafnt og þétt sókn sína í erlenda samkeppnissjóði og var heildarsjálfsaflafé til rannsókna (fyrir utan rannsóknarframlag ríkisins) á árinu 2008 um 129 milljónir króna.

Úthlutun úr Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs til Háskólans í Reykjavík 2005–2008.



Sjálfsaflafé per akademískt stöðugildi HR árið 2008.



Eins og 2007 hafa vísindamenn við skólann verið duglegir við að koma niðurstöðum rannsókna sinna á framfæri og hefur fjöldi birtinga á ritrýndum vettvangi aukist ár frá ári og að sama skapi fjöldi birtinga í viðurkenndum ritrýndum erlendum tímaritum. Á meðfylgjandi mynd má sjá fjölda ritrýndra birtinga í ritrýndum tímaritum árið 2008 og þar af í svokölluð ISI-tímarit (ISI stendur fyrir „Institute for Scientific Information" og eru þau tímarit sem komast inn á ISI listann talin í þeim flokki tímarita sem mest áhrif hafa og setja hvað hæstar gæðakröfur).

Birtingar akademískra starfsmanna HR í ritrýndum tímaritum 2008.



Birtingar akademískra starfsmanna HR í ritrýndum tímaritum 2008.

Á síðari hluta ársins 2007 var stofnaður sérstakur Þróunarsjóður Háskólans í Reykjavík og var fyrst úthlutað úr sjóðnum á árinu 2008. Stefnt er að því m.a. að styrkir úr sjóðnum verði notaðir til að setja á fót nýjar rannsóknarstofnanir, setja af stað stór alþjóðleg rannsóknarverkefni, efla rannsóknartengt nám og ráða fleiri framúrskarandi vísindamenn við skólann. Úthlutað var úr sjóðnum í maí og aftur í ágúst 2008.

Úthlutun úr Þróunarsjóði HR til rannsóknarverkefna 2008.

Verkefnisstjóri	Heiti verkefnis	Styrkur (þús.kr.)
Úthlutun í maí 2008		
Ágúst Valfells	Ármannamiðuð hermunarlíkön (e. agent-based models) til þess að rannsaka flókin viðfangsefni.	4.000
Guðmundur Sigurðsson	The Changing Face of the Welfare State? Developments in compensation law.	500
Hlynur Stefánsson	Production Planning for Dynamic Demand.	3.200
Hrafn Loftsson	Þróun grófþýðingakerfis með tiltækum tólum.	2.000
Inga Dóra Sigfúsdóttir	Samlegðaráhrif á öflun upplýsinga úr heilsuvernd barna og upplýsingaöflun RoG.	3.000
Karl Ægir Karlsson	Virkni hypocretin kerfisins.	2.700
Kristinn R. Þórisson	Rannsóknaraðstaða (tækjakaup) fyrir gagnvirka gervigreind og ármannahegðun.	1.400
Luca Aceto	New Developments in Operational Semantics.	3.000
Oddgeir Ágúst Ottesen	Tax rates over time in the USA and in Europe, and levels of mergers and acquisitions.	700
Oddný Mjöll Arnardóttir	Vísindarannsóknir á heilbrigðissviði – lagaumgjörð stjórnsýslu og réttarvernd þátttakenda.	1.000
Rögnvaldur J. Sæmundsson	Rannsóknarstaða við rannsóknarmiðstöð HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum.	4.000
Úlfar Erlingsson	Öryggi notendaforrita á vefnum.	1.000
Yngvi Björnsson	General Game-Playing (GGP) project.	670
Þórdís Ingadóttir	Impact of International Criminal Procedures on Domestic Criminal Procedures in Mass Atrocity Cases.	2.800
Úthlutun í ágúst 2008		
Arney Einarsdóttir	Alþjóðleg samanburðarrannsókn á mannauðsstjórnun.	1.000
Ármann Gylfason	Turbulence laboratory.	2.000
Björn Þór Jónsson	Tegundarflokkun stórra gagnasafna.	2.000
Karl Ægir Karlsson	Zebrafiskar sem svefnlíkan.	3.200
Kristinn R. Þórisson	Interactive Social Robots.	1.000
Leifur Þór Leifsson	Vélfugl - Þróun frumgerðar.	3.000
Ólafur Ísleifsson	Viðsnúningur í fjárhag íslenskra lífeyrissjóða.	800
	Samtals:	**42.970**

OPNI HÁSKÓLINN Í HR

Árið 2008 hleypti Háskólinn í Reykjavík af stokkunum nýrri starfseiningu, sem hlaut nafnið „Opni háskólinn í HR“. Með Opna háskólanum setti HR einn hatt yfir margvíslega starfsemi sína sem átti það sameiginlegt að þjóna íslensku atvinnulífi með framsæknum lausum til hliðar við hefðbundnar háskólabrautir. Þær einingar sem voru færðar undir Opna háskólann voru m.a. Stjórnendaskólinn, Símennt, Frumgreinadeild, samstarfsamningar við AdAstra, Klakið, MIT ILP, FranklinCovey og verkefnið MannAuður.

Stefna og sókn

Markmið Opna háskólans er að virkja þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði með faglegu og hagnýtu námi. Opni háskólinn þjónar atvinnulífinu með fjölbreyttu framboði öflugra námsleiða undir leiðsögn innlendra og erlendra sérfræðinga.

Hlutverk Opna háskólans í HR er að virkja þekkingu til að auðga samfélagið.
Framtíðarsýn Opna háskólans í HR er að vera meðal fremstu þekkingarþinga Norður Evrópu fyrir 2020.

- Fyrsti valkostur einstaklinga, hópa og vinnustaða.
- Fyrirmynd á sviði fræði- og fagmennsku, rekstrar og þjónustu.
- Framsækin í lausnum og farsæl í samstarfi.

Gildi Opna háskólans í HR eru fagmennska, kraftur og gleði.

Skipulag og stjórnun

Opni háskólinn samanstendur af 6 þekkingargáttum eða starfseiningum:

- **FagMennt** – námsleiðir til að auka færni og fagþekkingu einstaklinga.
- **StjórnMennt** – fyrirtækjalausnir til að efla rekstur, rækta stjórnendur og starfsfólk.
- **FrumgreinaMennt** – nám fyrir þá sem vilja brúa bilið inn í háskólanám.
- **GrunnMennt** – háskólanámskeið fyrir bráðger og námsfús börn.
- **FrumkvöðlaMennt** – frumkvöðlasetur fyrir öflugar viðskiptahugmyndir .
- **Mannauður** – samstarfsverkefni um mannrækt.

Helstu stjórnendur Opna háskólans í HR eru:

Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri
Halldóra G. Hinriksdóttir, forstöðumaður StjórnMenntar
Charlotta Karlsdóttir, forstöðumaður FagMenntar
Málfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður FrumgreinaMenntar

Svipmyndir af starfinu

Lýsa má Opna háskólanum sem regnhlíf yfir þjónustu HR við íslenskt atvinnulíf og nemendur utan hefðbundna háskólabrauta. Boðið er upp á fjölda námsleiða á háskólastigi m.a. einingarnámskeið, löggildingar, starfsréttindi og diplómanám, einkaþjálfun, markþjálfun, vinnustofur, stjórnendasetur, ráðstefnur og viðburði; og ýtir undir árangur fyrirtækja og stofnana.

FagMennt þjónar vexti faghópa og fyrirtækja með opnum hagnýtum námskeiðum, diplómanámi og aðgangi að einingabærum kúrsum Háskólans í Reykjavík. Árið 2008 var til dæmis boðið upp á diplómanám í alþjóðaviðskiptum, mannauðsstjórnun og stjórnun og rekstri sem og löggildingarnám fyrir fasteignasala, verðbréfamiðlara og bókara og fleiri fagstéttir. Mjög mikill vöxtur var í nám FagMenntar eins og kemur fram í tölunum hér að neðan.

Frumgreinanám er öflugur valkostur fyrir fólk úr atvinnulífinu sem þarf frekari undirbúning til áframhaldandi náms á háskólastigi. Frumgreinanám hentar líka stúdentum sem þurfa að bæta við sig námi í stærðfræði og raungreinum. Frumgreinanám Háskólans í Reykjavík byggir á rúmlega 40 ára gamalli hefð en um er að ræða þriggja anna nám sem veitir aðgang að háskólanámi.

Mikill vöxtur var í þjónustu Stjórnendaskólans sem nú fellur undir Opna háskólann undir heitinu **StjórnMennt**. Á árinu voru sniðnar lausnir og tekið á móti nemendum frá um 70% stærstu fyrirtækja landsins. Í náminu er leitast við að nýta þær auðlindir sem felast í fræðimönnum við Háskólann í Reykjavík, fagmönnum erlendis frá og samstarfi við fyrirtæki innan lands og utan s.s Capacent, Franklin Covey og MIT, en í StjórnMennt vinna stjórnendur og starfsfólk framsækinna fyrirtæka með árangur í rekstri og við að hrinda í framkvæmd stefnu. Meðal viðskiptavina árið 2008 voru Rio Tinto Alcan, Glitnir, Landsvirkjun, KB banki, Sjóvá, Össur, Marel, CCP, Nýherji, Menntasvið Reykjavíkurborgar, BYR, Síminn, Penninn og fjöldi annarra.

Opni háskólinn vinnur jafnframt með frumkvöðlum landsins í samstarfi við **Klak** – nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins. Þar vinna frumkvöðlar að því að þróa viðskiptahugmynd sína, læra um stofnun fyrirtækis og rekstur þess, fjármál og markaðsmál, stefnumótun og fleiri lykilþætti til árangurs á svokallaðri hraðbraut nýrra fyrirtækja.

Opni háskólinn tekur með stolti á móti börnum og ungmennum með námskeiðum í **GrunnMennt** m.a. í samtarfi við AdAstra. Námskeiðin eru haldin á laugardagsmorgnum og eru ætluð bráðgerum og námsfúsum börnum.

Aðsóknartölur

Aðsókn að starfseiningum Opna háskólans í HR jókst verulega milli ára. Alls voru 272 viðburðir haldnir á árinu (námskeið, vinnustofur, ráðstefnur o.s.frv.) með þátttöku 6.884 nemenda. Þetta samsvarar um 39% fjölgun nemenda milli ára.

Opni háskólinn 2008	Fjöldi viðburða	Fjöldi þáttakenda	Fjöldi kennara
Fagmennt	89	3049	183
StjórnMenntv	87	3274	182
FrumgreinaMennt	71	311	15
GrunnMennt	25	250	25
FrumkvöðlaMennt			
Samtals	**272**	**6884**	**405**

Nýjungar í þjónustu Opna háskólans

Eftirfarandi er stutt svipmynd af nokkrum helstu nýjungum í starfi Opna háskólans árið 2008:

Hávarp Opna háskólans í HR – fleiri en 20 fyrirlestrum var miðlað um hlaðvarp Opna háskólans á árinu í samstarfi við RÚV. Gríðarlega margir hafa nýtt sér þessa áhugasömu og ókeypis þjónustu skólans um mikilvæg málefni líðandi stundar.

Hugmyndahúsið – Opni háskólinn tók þátt í að undirbúa og ýta úr vör Hugmyndahúsi háskólanna. Hugmyndahús Háskólanna er frumkvöðlasetur Háskólans í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Markmið setursins er að skapa a.m.k. 50 fyrirtæki sem veita a.m.k. 500 manns atvinnu á tveimur árum.

Tækifæri – Verkefninu „Tækifæri“ var ýtt úr vör veturinn 2008 til að hjálpa fólki að takast á við þau áföll sem tengdust hruni íslenska efnahagskerfisins og þjóna sérstaklega þeim sem misstu atvinnu. Verkefnið var unnið í samstarfi við VR og Rafiðnaðarsambandi og bauð fjölda viðburða um veturinn til að þátttakendur gætu bætt við þekkingu sína og tengslanet og nota tímann til að undirbúa, byggja upp og sækja fram.

Mannauður – Með samstarfs- og bakhjarlasamningi sem HR og LÍ gerðu 25. september 2007 um Mannauð, var horft er til framtíðar og leitað leiða til að skapa samfélag og vinnuumhverfi þar sem tekst að lifa heilbrigðu og gefandi lífi jafnframt því að auka samkeppnishæfni og bæta árangur í starfi. Fjöldi viðburða voru haldnir á árinu í nafni Mannauðs.

Fræið – Opni háskólinn tók þátt í að undirbúa stofnun Fræsins á árinu. Verkefni miðar að því að styðja við samtök/félög sem vinna að almannaheill með því að gefa samtökum í þriðja geiranum aðgang að þekkingarmiðlun sem byggir á alþjóðlegum grunni. Þannig má skapa uppsprettur fyrir nýja þekkingu, nýsköpun og frumkvöðlastarf.

Stefnumarkandi samstarf – Á árinu voru undirritaðir samningar um stefnumarkandi samstarf, m.a. við Matís, ReykjavíkurAkademíuna, Lýðheilsustöð, Vegagerðina, FranklinCovey, Hafrannsóknarstofnun, Fiskistofu, íslenska sendiráðið í Kína, MIT, Eþikós, International Institute for Public Procurement, Demos, Símey, Háskólasetur Vestfjarða, Fræðslunet Austurlands, Iðunna, UniCon og fleiri.

7 habits for teens – þrír skólar á miðstigi á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í verkefninu 7 venjur til árangurs fyrir ungt fólk sem hluta af kennslu í lífsleikni.

Gull í Mund – Fyrirlestraröð fyrir stjórnendur með nokkrum fremstu fyrirlesurum HR. Morgunverðar námskeið voru haldin annan hvorn mánuð.

Þekkingarbrunnur stjórnenda – Örnámskeið í fjarnámi fyrir stjórnendur
Námskeið fjármálafærni fyrir almenning – í samstarfi við Íslandsbanka,
Ný námskeið frá FranklinCovey – Trust, Leadership Modules, 4 disciplines of Execution, xQ ofl.

ATVINNUÞJÓNUSTA

Atvinnuþjónusta Háskólans í Reykjavík byggir á sterkum tengslum skólans við íslenskt atvinnulíf. Með stofnun Atvinnuþjónustu árið 2006 steig HR fram fyrstur íslenskra háskóla með slíka þjónustu. Meginmarkmið hennar er að greiða leið nemenda og fyrirtækja að árangursríkum ráðningum og styrkja þannig tengsl skólans við viðskiptalífið enn frekar, auka færni nemenda með kennslu og þjálfun og stuðla að samskiptaleikni og metnaði þeirra til að stíga fram af áræðni í leit að starfi. Atvinnuþjónustan nær bæði til núverandi nemenda og þeirra sem þegar hafa útskrifast frá HR og nýtist þjónustan því ekki síður fyrirtækjum sem óska eftir starfskrafti með ákveðna starfsreynslu. Atvinnuþjónustan miðlar jafnt framtíðarstörfum sem hluta- og sumarstörfum. Árið 2008 var starfandi ráðgjafi í fullu starfi hjá Atvinnuþjónustu HR.

Þjónusta við nemendur og fyrirtæki

Atvinnuþjónustan miðar að þörfum nemenda annars vegar og fyrirtækja hins vegar. Atvinnuþjónustan býður nemendum skólans einstaklingsráðgjöf. Þar er meðal annars farið yfir áhugasvið, stefnumörkun og leiðsögn varðandi árangursríka þætti er snúa að atvinnuleit, svo sem gerð ferilskrár og kynningarbréfs, viðtalstækni, samningatækni og aðra þætti umsóknar- og ráðningarferlisins.

Reglulega yfir skólaárið eru haldnar vinnustofur þar sem sjónum er beint að vinnumarkaðnum, þeim þáttum er tengjast starfsumsóknum, ráðningum og hvernig nemendur geta stjórnað eigin starfsframa. Fyrirlesarar úr viðskiptalífinu eru tíðir gestir á slíkum vinnustofum sem veita nemendum innsýn í störf sín og miðla dýrmætri reynslu.

Atvinnuþjónustan sér einnig um beina miðlun starfa og geta fyrirtæki valið milli tvenns konar þjónustu. Annars vegar geta fyrirtæki auglýst laus störf á vef Atvinnuþjónustunnar og hins vegar óskað eftir að starfsmaður Atvinnuþjónustunnar leiti markvisst að rétta einstaklingnum meðal nemenda sem eru skráðir í gagnagrunn Atvinnuþjónustunnar. Að jafnaði eru ríflega 1.200 núverandi og fyrrverandi nemendur HR skráðir í Atvinnuþjónustuna og hafa þeir mjög fjölbreyttan bakgrunn og menntun úr öllum deildum skólans.

Árið 2008 voru haldnar 10 vinnustofur með alls 360 þátttakendum. Nemendur sem komu í einstaklingsráðgjöf voru 280 talsins. Atvinnuþjónustan miðlaði til núverandi og fyrrverandi nemenda skólans um 150 atvinnutækifærum og var um að ræða jafnt framtíðarstörf sem sumar- og hlutastörf.

Meðal þeirra fyrirtækja sem réðu starfsfólk í gegnum Atvinnuþjónustu HR voru skattstjórinn í Reykjavík, LSH, SP Fjármögnun, Sjóvá, NimbleGen, Jarðboranir, Kópavogsbær, Garðabær, Borgarleikhúsið, Jarðboranir, Fjárvakur og Félag íslenskra stórkaupmanna.

STÚDENTAÞJÓNUSTA

Á vorönn 2008 voru starfandi þrír náms- og starfsráðgjafar við skólann, en í september bættist fjórði starfsmaðurinn við. Markmið stúdentaþjónustunnar er að auka samkeppnishæfni og lífsgæði nemenda, stuðla að því að nemendur styrkist sem einstaklingar og námsmenn og nái metnaðarfullum markmiðum sínum.

Stúdentaþjónusta HR leggur áherslu á að:

- Efla færni og metnað nemenda varðandi nám og störf.
- Aðstoða nemendur við að bæta vinnubrögð og áætlanagerð.
- Styrkja nemendur sem einstaklinga og sérfræðinga þannig að þeir nái hámarksárangri.
- Efla vitund nemenda um hæfileika sína, viðhorf og áhugasvið þannig að þeir njóti sín í námi og starfi.
- Auka sjálfsöryggi og sjálfsþekkingu nemenda.

Viðtöl

Náms- og starfsráðgjafar voru með viðtalstíma fyrir nemendur skólans og aðra sem sóttust eftir upplýsingum um nám í HR. Heildarfjöldi skráðra viðtala árið 2008 var um 1.750, auk þess fóru um 750 viðtöl fram í síma og 1.470 fyrirspurnum var svarað í tölvupósti. Alls um fjögur þúsund erindi yfir árið.

Þverfagleg námskeið

Stúdentaþjónusta HR býður nemendum skólans fjölbreytt og þverfagleg námskeið þar sem meðal annars er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér markmiðssetningu, tímastjórnun, lestrartækni, prófтækni og fleira sem stuðlar að betri árangri í námi. Árið 2008 voru haldin 55 námskeið með 778 þátttakendum. Matsblöð voru lögð fyrir nemendur eftir öll námskeið. Yfir 90% nemenda sem sóttu námskeiðin gáfu þeim 8, 9 eða 10 í einkunn á matsblöðum.

Styrkir til afburðanemenda

Stúdentaþjónusta HR hefur umsjón með Forsetalista HR og nýnemastyrkjum. Þeir nemendur sem bestum árangri ná á hverju próftímabili í grunnnámi eiga kost á að komast á Forsetalista og fá skólagjöld næstu annar niðurfelld. Árið 2008 voru alls 140 nemendur á Forsetalista, 69 á haustönn og 71 á vorönn. Miðað var við að um 3% nemenda í tiltekinni deild kæmust á Forsetalista hverju sinni. Straumur styrkti Forsetalista HR.

Árið 2008 hlutu 35 nemendur nýnemastyrk á haustönn. Nýnemastyrkir við Háskólann í Reykjavík voru fyrst veittir haustið 2007 en styrkurinn nemur skólagjöldum á fyrstu önn námsins. Þurfa umsækjendur að hafa minnst 8,0 í meðaleinkunn á stúdentsprófi til að hafa möguleika á að hljóta styrkinn. Landsbankinn er styrktaraðili skólans varðandi nýnemastyrki.

Áhugakönnun

Stúdentaþjónsta HR sér um að framkvæma Áhugakönnun Strong nokkrum sinnum á önn. Áhugakönnun Strong (Strong Interest Inventory) er elsta og mest rannsakaða áhugasviðspróf í heimi. Niðurstöðurnar segja til um í hvaða átt áhugi viðkomandi beinist varðandi val á námi, starfi og tómstundum. Enn fremur hvernig áhugasvið einstaklingsins fellur að áhugasviði fólks í hinum ýmsu starfsgreinum.

Aðstoðarkerfi

Stúdentaþjónusta HR sér um aðstoðarkerfi fyrir nemendum með sértæka námsörðugleika eða hamlanir. Á árinu 2008 var stofnuð sérúrræðanefnd sem tekur fyrir umsóknir nemenda um sérúrræði í prófum. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi kennslusviðs, Stúdentaþjónustu, akademískra deilda og læknir. Nemendur þurfa að skila greiningu frá sérfræðingi til að hægt sé að veita þeim sérúrræði í námi. Skriflegir samningar eru gerðir við nemendur þar sem fram koma þau úrræði sem veitt eru á náms- og prófatíma.

Ný verkefni á árinu

Haustið 2008 var í fyrsta skipti boðið upp á tveggja daga dagskrá fyrir nýnema HR áður en kennsla hófst. Á Nýnemadögum var þjónusta skólans og viðkomandi deilda kynnt vandlega fyrir nemendum. Stúdentaþjónustan hafði umsjón með að koma þessari nýjung á og vann að skipulaginu ásamt öðrum stoðdeildum. Þessi aukna þjónusta við nemendur mældist vel fyrir samkvæmt niðurstöðum á matsblöðum sem nemendur fylltu út í lok síðari dagsins.

Fjöldi nýrra námskeiða var í boði á árinu fyrir nemendur og voru þau lang flest kennd af starfsmönnum Stúdentaþjónustu. Samið var við nokkra aðila svo sem Hraðlestrarskólann um að bjóða námskeið í húsnæði skólans, eingöngu fyrir nemendur hans og á betri kjörum. Bryddað var meðal annars upp á þeirri nýjung að fá nemendur á Forsetalista til að halda námskeið fyrir nýnema í sinni deild í samvinnu við Stúdentaþjónustuna þar sem lögð var áhersla á að gefa hagnýt ráð varðandi námsárangur.

Á árinu 2008 var stofnuð sérúrræðanefnd sem tekur fyrir umsóknir nemenda um sérúrræði í prófum. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi kennslusviðs, Stúdentaþjónustu, akademískra deilda og læknir.

Haustið 2008 tók Stúdentaþjónustan upp þá nýbreytni að koma inn í skipulagða dæma- eða kennslutíma nemenda á fyrsta ári í hverri deild skólans til að kenna náms- og prófatækni. Um var að ræða þrjá kennslustundir fyrir hverja deild að hausti.

ALÞJÓÐASKRIFSTOFA

Alþjóðaskrifstofa Háskólans í Reykjavík ber ábyrgð á alþjóðavæðingu skólans en hún felur í sér aukin tengsl við erlenda háskóla, vegna skiptináms og annarra samstarfsverkefna. Alþjóðaskrifstofan stuðlar meðal annars að aukinni þátttöku Háskólans í Reykjavík í hinum ýmsu áætlunum Evrópusambandsins á sviði vísinda, menntunar og þjálfunar, sem og auknum stúdenta-og kennaraskiptum við háskóla erlendis. Markmiðið er að senda sem flesta nemendur út í skiptinám og bjóða fleirum upp á alþjóðlega reynslu.

Alþjóðaskrifstofan hefur þróað móttökukerfi fyrir erlenda stúdenta sem stunda skiptinám við HR og leggur jafnframt áherslu á að aðstoða stúdenta við að velja og sækja um stúdentaskipti við erlenda háskóla. Árið 2008 var allt umsóknarferlið rafvætt auk þess sem heimasíða sviðsins tók stökkbreytingum. Þá stóð alþjóðaskrifstofa HR fyrir ferð til Gíneu Bissá og fór þangað í kynnisferð til að útfæra stuðning við Amilgar Cabral háskólann.

Stúdentaskipti veita háskólastúdentum tækifæri til að stunda nám við erlenda háskóla í eina eða tvær annir. Í maí 2008 höfðu verið gerðir samningar við rúmlega hundrað háskóla, flestir þeirra eru í viðskiptadeild en þeim fer fjölgandi í lagadeild og tækni- og verkfræðideild. Auk samninga innan Erasmus-áætlunar Evrópusambandsins hafa bæst við samningar í Nordplus-áætluninni í viðskipta- og lagadeild. Árið 2008 undirritaði HR samstarfssamning við Conahec en það er samstarfsnet á annað hundrað háskóla í Mexíkó, Bandaríkjunum og Kanada. Jafnframt hafa bæst við fjölmargir samstarfsskólar í Evrópu, Kína, Kóreu og Singapore. Þá voru gerðir yfir tuttugu samningar við íslensk fyrirtæki í útrás um að taka til sín meistaranema í starfsnám í um þriggja mánaða skeið.

Skiptinemum HR fjölgaði umtalsvert árið 2008 og fóru eitt hundrað nemendur í skiptinám, ýmist í eitt eða tvö misseri. Flestir nemanna komu úr VD eða 62.

BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

Hlutverk Bókasafns og upplýsingaþjónustu HR (BUHR) er að styðja og efla sköpun og miðlun þekkingar við Háskólann í Reykjavík með því að safna efni á fræðasviðum skólans, gera það aðgengilegt og veita þeim er til safnsins leita framúrskarandi þjónustu. Áhersla er annars vegar lögð á hátt þjónustustig, hins vegar á rafræn gögn. Við setjum markið hátt og stefnum að því að stúdentar og starfsmenn HR hafi aðgang að rafrænu efni á sínum fræðasviðum sambærilegan við það sem best gerist í alþjóðlegu háskólasamfélagi.

BUHR rækir hlutverk sitt með því að :

- Velja, safna, varðveita og skipuleggja fjölbreyttar upplýsingar á fræðasviðum skólans
- greiða notendum leið að upplýsingum
- stuðla að upplýsingalæsi innan skólans með markvissri fræðslu og leiðsögn
- bjóða fjölbreytta, nútímalega og persónulega þjónustu
- bjóða uppá aðstöðu í samræmi við þarfir notenda
- bjóða notendum aðgang að öflugri rafrænni þekkingarveitu
- fylgjast með nýjungum á sviði bókasafns- og upplýsingamála og taka þátt í samstarfi á þeim vettvangi.

Frá því BUHR var formlega opnuð í janúar 1999 hefur það verið stefna stjórnenda að nýta upplýsingatæknina sem mest við uppbyggingu safnsins og er það að stærstum hluta rafrænt bókasafn og í fremstu röð slíkra safna hérlendis. Jafnframt er unnið að uppbyggingu safnkosts á prenti. BUHR er áskrifandi að fjölmörgum lykilgagnasöfnum og rafrænum tímaritum á fræðasviðum HR, ýmist eitt eða í samstarfi við aðra. Áherslan á rafrænt bókasafn hefur gert BUHR kleift að mæta þeim áskorunum sem felast í stöðugri þróun náms og rannsókna við HR.

BUHR býður alla almenna bókasafnsþjónustu, s.s. útlán, millisafnalán og upplýsingaleit. Árvekniþjónusta er mikilvægur liður í starfseminni, en henni er ætlað að auðvelda einstaklingum að fylgjast með því sem er efst á baugi á sérfræðisviði viðkomandi. Má þar nefna upplýsingar um nýtt efni hjá BUHR, rafrænar sendingar efnisyfirlita valinna tímarita og geymsluleitir í gagnasöfnum. BUHR heldur úti námsbókasafni þar sem kennarar geta látið taka frá efni vegna kennslu einstakra námskeiða. Í námsbókasafni eru eintök af öllum kennslubókum námskeiða í grunnnámi á yfirstandandi önn og eintök af lokaritgerðum nemenda.

Upplýsingalæsisfræðsla er miðlægur þáttur í starfsemi BUHR. Upplýsingalæsi eykur hæfni einstaklinga til að takast á við síbreytilegt og krefjandi starfsumhverfi og búa sig undir frekara háskólanám og þátttöku í vísindasamfélagi. Bókasafns- og upplýsingafræðingar annast fræðslu í öllum deildum HR og er hún skipulögð í samvinnu við forstöðumenn og kennara. Áhersla er lögð á góða grunnfræðslu fyrir alla nemendur á fyrsta ári og upprifjun fyrir alla nemendur sem vinna að lokaritgerð. Fræðsluleiðir eru jafnframt fjölbreyttar. Boðið er uppá kennslu í notkun sérhæfðra gagnasafna, kennarar geta pantað bókasafns- og upplýsingafræðing í tíma í tengslum við verkefnavinnu og einstaklingar geta bókað tíma hjá bókasafns- og upplýsingafræðingi og fengið persónulega aðstoð við heimildaleit.

Á safninu er starfrækt sérhæfð upplýsingaþjónusta á sviði Evrópuupplýsinga EU i. Þjónustan er sú eina sinnar tegundar á Íslandi og starfar samkvæmt samningi BUHR við Fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB fyrir Ísland og Noreg. Hlutverk þjónustunnar er að styðja og efla háskólanám, háskólakennslu og rannsóknir á Íslandi, sem tengjast málefnum Evrópu.

BUHR er með starfsstöðvar í Ofanleiti og á Höfðabakka. Starfsmenn eru 7 í 6,5 stöðugildi.

NÝBYGGING HR VIÐ ÖSKJUHLÍÐ

Í byrjun árs 2008 hófust byggingarframkvæmdir við 36.000 fermetra nýbyggingu Háskólans í Reykjavík. Ákveðið var í tengslum við efnahagshrunið að minnka bygginguna í um 30.000 fermetra og fresta tveimur minni álmum við skólann. Svæði háskólans upp af Nauthólsvík við rætur Öskjuhlíðar skapar tækifæri til að byggja upp þekkingar- og nýsköpunarsamfélag á heimsmælikvarða. Svæðið nýtur góðs af fögru umhverfi Öskjuhlíðar og Nauthólsvíkur, nálægðar við miðborg Reykjavíkur, stúdentaíbúðir og eina bestu íþróttaaðstöðu á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess eru mörg helstu fyrirtæki og stofnanir landsins í nágrenninu sem auðveldar sterk tengsl við atvinnulífið.

Leiðarljósið við hönnun háskólabyggingarinnar tengist stefnumörkun HR um opinn, alþjóðlegan háskóla þar sem eftirfarandi áhersluatriði eru í fyrirrúmi:

- Sveigjanleiki í hönnun og rekstri.
- Opin háskólabygging með auðveld samskipti milli allra háskólasviða.
- Hvetjandi starfsumhverfi þar sem lögð er áhersla á þægindi, gæði og margbreytileika.
- Stúdentamiðuð bygging þar sem vinnuaðstaða nemenda og þjónusta er í fremstu röð.
- Byggingin falli vel að umhverfinu og styrki útivistarsvæði Nauthólsvíkur og Öskjuhlíðar.

Á þessu 20 hektara háskólasvæði sem Reykjavíkurborg úthlutaði HR er viðbótarrými fyrir nýsköpunar- og frumkvöðlasetur, rannsóknarstofnanir, sprotafyrirtæki eða aðra starfsemi sem á samleið með því þekkingarsamfélagi sem HR vill byggja upp á svæðinu.

Hönnuðir og ráðgjafar í fremstu röð

Henning Larsen Architects í Danmörku og Arkís á Íslandi eru arkitektar háskólabyggingarinnar. Mannvit annast verkfræðilega hönnun í samstarfi við Verkís og Cowi í Danmörku. Landslagsarkitektar eru Landmótun. Efla verkfræðistofa hefur verið sérstakur ráðgjafi HR í þessu verkefni og er jafnframt með eftirlit með byggingarframkvæmdum. Byggingin er í eigu Eignarhaldsfélagsins Fasteignar sem leigir hana með kauprétti á fimm ára fresti til HR til næstu 50 ára. Verkefnastjórn fyrir hönd Fasteignar við framkvæmd hönnunar og samskipta við HR er í höndum Þróunar og ráðgjafar ehf.

MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Kynningarefni

Háskólinn í Reykjavík gaf venju samkvæmt út bækling um allt það nám sem í boði er í skólanum. Auk þess gáfu einstakar deildir út mikið af kynningarefni.

Þá réðist skólinn í ímyndarherferð á vormánuðum í dagblöðum, sjónvarpi og á Netinu. Skólinn fékk Hvíta húsið til að hanna og gera sjónvarps og blaðaauglýsingar sem vöktu mikla athygli og voru m.a. tilnefndar til íslensku auglýsingaverðlaunanna. Auk þessa var útbúinn fjöldi „hefðbundinna“ dagblaðaauglýsinga, vefauglýsinga og auglýsinga fyrir kvikmyndahús.

Ráðist var í stutta kynningarherferð á haustmánuðum í ljósi þess að í fyrsta sinn í sögu HR var ákveðið að taka inn nýnema í allar deildir skólans um áramótin. Yfirskrift herferðarinnar var: Ný sýn, ný hugsun, nýsköpun. Sérstaklega athyglisverð þóttu veggspjöldin sem sett voru á byggingar skólans í Ofanleiti og Kringlunni. Áfram var unnið að endurhönnun og uppfærslu heimasíðu skólans.

Framhaldsskólakynningar

Háskólinn í Reykjavík leggur mikla áherslu á að kynna starfsemi sína fyrir verðandi háskólanemum. Öllum stúdentsefnum landsins var boðið í heimsókn í HR þar sem starfsfólk og nemendur skólans kynntu nám og aðra starfsemi skólans.

Háskólinn í Reykjavík tók þátt í Stóra Háskóladeginum í febrúar 2008. Að þessu sinni tóku 6 háskólar sig saman og kynntu starfsemi sína með veglegum hætti í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þennan sama dag kynnti Háskóli Íslands og Kennaraháskólinn starfsemi sína í húsakynnum HÍ og danskir háskólar (og einn sænskur) stóðu fyrir námskynningu í Norræna húsinu. Á þennan hátt var almenningi boðið að kynna sér allt háskólanám á Íslandi (auk náms í Danmörku) á litlu svæði sem auðvelt var að ganga á milli. Þúsundir manna nýta sér þetta tækifæri á hverju ári og viða að sér upplýsingum um háskólanám á Íslandi. Sams konar kynning fór svo fram nokkrum dögum síðar á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. HR hélt enn fremur Opið hús í húsakynnum skólans í mars, þar sem öll starfsemi skólans var kynnt fyrir hundruðum gesta sem komu í heimsókn.

Þetta var á meðal þess sem gerðist í Háskólanum í Reykjavík árið 2008...

- 1. febrúar: Lið vél-og orkutæknifræðinema úr HR sigrar í árlegri hönnunarkeppni verkfræðideildar HÍ. Liðið fékk fullt hús stiga í báðum umferðum.
- 18. febrúar: Arna Óskarsdóttir og Tinna Ósk Þórarinsdóttir, nemar í heilbrigðisverkfræði í HR, hljóta Nýsköpunarverðlaun Forseta Íslands. Sex verkefni voru tilnefnd til verðlaunanna. Af þeim áttu HR-ingar þrjár tilnefningar.
- 24. febrúar: MBA-nemar við HR unnu til bronsverðlauna í alþjóðlegri samkeppni í gerð viðskiptaáætlana sem fram fór á Taílandi. Yfir 100 af bestu viðskiptaháskólum heims sendu lið í keppnina.
- 26. febrúar: Ráðgjafarnefnd Háskólans í Reykjavík kom saman í fyrsta skipti. Nefndin er skipuð virtum fræðimönnum og stjórnendum frá nokkrum af bestu háskólum heims. Tilgangur hennar er koma HR í fremstu röð.
- 12. apríl: HR-ingar unnu fyrstu verðlaun í frumkvöðlasamkeppni háskólanema, sem haldin var að frumkvæði Innovit. Fyrirtækið Eff2 Technologies / Videntifier er ungt og fjölþjóðlegt hátæknifyrirtæki sem sprottið hefur upp úr gagnagrunnssetri HR.
- 22. apríl: Háskólinn í Reykjavík hlaut viðurkenningu á fræðasviði félagsvísinda og er þar með orðinn fullviðurkenndur háskóli á öllum fræðasviðum, en í fyrrahaust hlaut hann viðurkenningu á fræðasviði verk- og tæknivísinda.

- 27. maí: Ari Kristinn Jónsson, forseti tölvunarfræðideildar HR, hlaut hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs. Verðlaunin eru árlega veitt vísindamanni sem þykir snemma á starfsævinni gefa fyrirheit um árangur í vísindum og rannsóknum og eru þau stærstu verðlaunin sem veitt eru í íslensku vísindasamfélagi.
- 14. júní: Háskólinn í Reykjavík brautskráir 423 nemendur og hafa aldrei jafnmargir nemendur verið brautskráðir frá skólanum. Fyrstu íþróttafræðingarnir í sögu HR voru brautskráðir og sömuleiðis voru nemendur með bakkalárgráðu útskrifaðir í fyrsta sinn frá 4 námsbrautum í verkfræði; fjármála-, hátækni, heilbrigðis- og rekstrarverkfræði.
- 17. júní: Forseti Íslands sæmdi Svöfu Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, riddarakrossi fyrir störf í þágu atvinnulífs og háskólamenntunar.
- 21. júlí: Hugbúnaður frá Gervigreindarsetri Háskólans í Reykjavík vann heimsmeistaratitilinn í gervigreind annað árið í röð. Íslenska liðið lagði lið Kaliforníuháskóla (UCLA) eins og í fyrra. Þetta er í 4. sinn sem keppnin er haldin; UCLA hefur unnið einu sinni, Tækniháskólinn í Dresden einu sinni og HR tvisvar. Margir af öflugustu rannsóknarháskólum heims taka þátt í þessari keppni.
- 5. ágúst: Orkuskólinn REYST var settur í fyrsta sinn. Skólinn er samstarfsverkefni Orkuveitu Reykjavíkur, Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands. 14 meistaraprófsnemendur, frá 8 löndum, eru skráðir til náms, en það tekur tvö ár.
- 4. september: Háskólinn í Reykjavík fagnar 10 ára afmæli sínu. Við það tilefni var Opni háskólinn stofnaður en markmið hans er að þjóna íslenskum almenningi og atvinnulífi með því að virkja þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði með stuttu og hagnýtu námi.
- 13. desember: Háskólinn í Reykjavík gerist einn af hornsteinum Global Entrepreneurship Monitor (GEM) rannsóknarinnar, en hún er umfangsmesta alþjóðlega rannsókn á frumkvöðlasamstarfi í heiminum. Aðrir háskólar sem leiða GEM samstarfið á næstu þremur árum eru Babson College, sem er talinn fremsti háskóli Bandaríkjanna á svið frumkvöðlafræða og –rannsókna og London Business School.

ÁRSREIKNINGUR 2008

Rekstrartekjur

Framlag Ríkissjóðs til kennslu og rannsókna	1.891.400.000	53,5%
Skólagjöld og aðrar tekjur	1.290.951.128	36,5%
Styrkir	352.552.266	10,0%
	3.534.903.394	100,0%

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	2.165.794.430	61,9%
Húsnæðiskostnaður	403.595.940	11,5%
Annar rekstrarkostnaður	824.765.240	23,6%
Afskriftir	104.771.600	3,0%
	3.498.927.210	100,0%

Rekstrarafkoma	**35.976.184**

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur og verðbætur	50.845.205
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	35.717.247
	15.127.958

Afkoma ársins	**51.104.142**

HÁSKÓLINN Í REYKAJVÍK
MENNTAVEGI 1 | 101 REYKJAVÍK

SÍMI +354 599 6200
FAX +354 599 6201
WWW.HR.IS